GLEÐIGANGAN VERÐUR SÍFELLT STÆRRI ▶ 20

AF HVERJU ER ÍSLAND EKKI Á BANNLISTA RÚSSA? ▶ 10

Subway kynnir bát dagsins.

7 mismunandi bátar alla daga

SUBWAY
Ferskleiki er okkar bragð.™

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HELGARBLAÐ
9. ágúst 2014
185. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup, apríl-júní 2014

FJÖLSKYLDUR ERU ALLS KONAR

Hilmar Magnússon og Sigríður Birna Valsdóttir eru bæði samkynhneigð en ákváðu að eignast saman barn. Þau hafa sameiginlegt forræði yfir syni sínum Kára Val. ▶ 22



HELTEKINN AF GOLFINU

Andri Már Guðmundsson er efnilegur golfari sem getur ekki hætt að spila. ▶ 36

KOM SEM STORMSVEIPUR

Rapparinn Zebra Katz hefur starfað með yfir 20 íslenskum listamönnum. ▶ 66

DÓRA TAKEFUSA VIÐKVÆM OG GÓÐHJÖRTUÐ

▶32

GÖTUMARKAÐUR
ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

SMÁRALIND

Allt sem þú þarft fyrir skólann á einum stað

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi
og Arnarbakka

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

GLEÐIFRÉTTIN

Kjörís framleiðir ís úr brjóstamjólk

Kjörís í Hveragerði ætlar að bjóða upp á ís úr brjóstamjólk kvenna í Hveragerði á Ísdeginum í bænum sem haldinn verður um næstu helgi. „Þegar það spurðist út að við ætluðum að bjóða upp á ís gerðan úr brjóstamjólk buðust nokkrar frábærar, hraustar og fallegar konur sem voru að fæða upprennandi Hvergerðinga til þess að gefa mjólk í verkefnið," sagði Guðrún Hafsteinsdóttir, forstjóri Kjöríss, í samtali við Vísi.

Brjóstamjólkurísinn er kallaður Búbís. Hann verður eingöngu í boði á Ísdeginum.

FIMM Í FRÉTTUM GEIMVÍSINDI, HJÁLPARSTARF OG BLÓÐGJÖF

ELÍN ODDSDÓTTIR skurðhjúkrunarfræðingur er komin til Gasastrandarinnar á vegum Rauða krossins. Þar tekur hún þátt í hjúkrun fólks sem hefur særst í árásum Ísraelshers.

ANNA LINDGREN er Íslendingur búsett í Vestmannalandi í Svíþjóð. Skógareldar gröndu sumarhúsi fjölskyldunnar og fólk flúði heimabæ hennar Nordberg, en heimilið bjargaðist á endanum.

TRYGGVI GUNNARSSON, umboðsmaður Alþingis, ítrekaði spurningar sínar til Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra um samskipti hennar við lögreglustjórann í Reykjavík. Hann spurði forsætisráðherra líka um siðareglur ríkisstjórnarinnar.

EVA MARÍA PÓRARINSDÓTTIR LANGE, formaður stjórnar Hinsegin daga, var á meðal þeirra sem mættu í Blóðbankann á þriðjudaginn til að gefa blóð fyrir hönd sam- og tvíkynhneigðra karla, sem fá ekki að gerast blóðgjafar.

→ **KÁRI HELGASON** útskrifaðist með doktorsgráðu í stjörnufræði frá háskólanum í Maryland. Hann hefur stundað rannsóknir með vísindamönnum NASA, er á leiðinni til rannsókna í Þýskalandi og segist ekki mundu slá hendinni á móti boði um að gerast geimfari.

VIKAN 03.08.→09.08.2014

SUNNUDAGUR Óvissustig við Sólheimajökul Almannavarnir lýstu yfir óvissustigi við Sólheimajökul, en óttast var að jakar gætu brotnað framan af jöklinum og valdið flóðbylgju í lóninu sem hefur myndast. Umferð ferðamanna var takmörkuð.

MÁNUDAGUR Stórslysalaus helgi Útihátíðir verslunarmannahelgarinnar tókust vel og helgin gekk stórslysalaust fyrir sig. Þó varð dálítið uppnám síðustu nóttina á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum þegar skyndilega brast á með hvassviðri og fjöldi tjalda hátíðargesta fauk út í buskann.

PRIÐJUDAGUR Mestu skógareldar Svíþjóðar Þúsundir manna flúðu skæða og útbreidda skógarelda í Vestmannalandi í Svíþjóð. Mikið eignatjón varð og einn maður lést. Eldarnir eru taldir þeir mestu í Svíþjóð á síðari tímum. Önnur Evrópuríki sendu Svíum aðstoð.

MIÐVIKUDAGUR Ebólafaraldur breiðist út Stjórnvöld í Nígeríu staðfestu annað dauðsfallið þar í landi af völdum ebólaveirunnar. Miklar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar víða um heim og Alþjóðaheilbrigðisstofnunin lýst yfir alþjóðlegu neyðarástandi.

FIMMTUDAGUR Uppgangur í sjávarútveginum Störfum í sjávarútvegi fjölgaði úr 7.200 árið 2008 í 9.100 í árslok 2012. Betri aflabrögð skýra fjölgun starfa, ekki síst vinnsla makríls til manneldis. Fiskvinnslufólki fjölgaði um 1.200 á tímabilinu.

FÖSTUDAGUR Vantar hrefnu Hrefnuveiðimenn anna ekki eftirspurn eftir hvalkjötinu. Aðeins hafa veiðst átján hrefnur í sumar, en framkvæmdastjóri Hrefnuveiðimanna ehf. segir að gott væri að hafa tíu til viðbótar.

LAUGARDAGUR Heyrnarskertir fá ekki túlka

„Táknmálstúlkun nýtist ekki heyrnarskertum þar sem íslenskan er þeirra móðurmál."

▶ SÍÐA 4

Kolbrún Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Heyrnarhjálpar

Aðgerðirnar hafa áhrif á öll heimili á Íslandi

Félagsmálaráðherra segir unnið að viðamiklum breytingum á húsnæðiskerfinu sem snerti öll heimili landsins. Búa á til sérstök húsnæðislánafélög. Þá á að sameina í eitt vaxta- og húsaleigubótakerfi og koma á laggirnar virkum leigumarkaði. Nauðsynlegt sé að skilgreina langtímaleigu.

HÚSNÆÐISMÁL „Þetta eru einhverjar viðamestu breytingar sem ráðist hefur verið í í húsnæðismálum hér á landi. Þegar þær hafa að fullu komið til framkvæmda hafa þær áhrif á hvert einasta heimili í landinu," segir Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra.

Í ráðuneyti Eyglóar eru í smíðum nokkur frumvörp sem varða húsnæðismarkaðinn hér á landi og stefnir ráðherra að því að leggja þau fram á haust- og vorþingi. Frumvörpin verða byggð á skýrslu nefndar um framtíðarskipan húsnæðismála hér á landi.

Íbúðalánasjóður verður lagður af í núverandi mynd, honum verður skipt upp. Sett verða á laggirnar sérstök húsnæðislánafélög þar sem félögin mega eingöngu lána til húsnæðiskaupa og eiga þau að fjármagna útlán með útgáfu sértryggðra húsnæðisverðskuldabréfa. Lánasafn Íbúðalánasjóðs verður látið renna út en núverandi lántakendur sjóðsins eiga að fá þjónustu frá sérstöku húsnæðislánafélagi.

Eygló segir að hún stefni að því að hér á landi verði virkur leigumarkaður svo fólk hafi val um hvort það eigi húsnæði eða leigi það.

„Við ætlum að sameina vaxtabætur og húsaleigubætur í eitt húsnæðisbótakerfi. Eftir það miðast stuðningurinn við efnahag en ekki búsetuform," segir Eygló og bætir við að hún telji þetta stórt skref fram á við.

Þá á að setja ný lög um leigumarkaðinn. „Eitt af því sem vantar að skilgreina hér á landi er hvað telst langtímahúsaleiga," segir ráðherra og bætir við að það verði að búa til hvata svo fólk geti leigt til lengri tíma. Slíkt verði gert með því að bæta á sama tíma stöðu leigjenda og leigusala.

Eygló segir að ekki hafi verið rætt sérstaklega að setja þak á leiguverð. „Breytingar á húsnæðisbótakerfinu eiga að koma til móts við þá sem eru á leigumarkaði," segir Eygló.

Lagt verður til að fjölga íbúðum félaga sem eru rekin án hagnaðarsjónarmiða. Rætt hefur verið um að lækka fjármagnstekjuskatt á tekjur af útleigu íbúðarhúsnæðis um helming, eða úr 20 prósentum í tíu prósent.

Þá á að endurskoða lög um húsnæðissamvinnufélög með það að markmiði að starfsemi þeirra verði efld svo þau styðji enn betur við nýtt framtíðarskipulag húsnæðismála.

johanna@frettabladid.is

VIÐAMIKLAR BREYTINGAR Gagngerar breytingar verða lagðar til á skipan húsnæðismála á haustþingi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Þegar breytingarnar hafa að fullu komið til framkvæmda hafa þær áhrif á hvert einasta heimili í landinu.**

> **Við ætlum að sameina vaxtabætur og húsaleigubætur í eitt húsnæðisbótakerfi. Eftir það miðast stuðningurinn við efnahag en ekki búsetuform.**

Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra

Forstjóri Landspítalans segir hugsanlegt að skera verði niður þjónustu í ár:

Keyra langt fram úr fjárlögum

HEILBRIGÐISMÁL Vinna við fjárlagafrumvarp næsta árs er í fullum gangi en fjármálaráðherra hefur lagt á það ríka áherslu að skila hallalausum fjárlögum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins liggur fyrir að Landspítalinn fari fram úr fjárlögum ársins 2014, væntanlega um nokkur hundruð milljónir króna, en forstjóri spítalans segir ástæður þessa vera einfaldar.

„Ég vil fyrst og fremst nefna tvennt. Annars vegar það, sem öllum er ljóst sem horfa á fréttir, að ítrekað hefur verið mjög mikið álag á spítalanum. Óvænt og umfram það sem við gátum gert ráð fyrir. Svo dæmi sé tekið þá fjölgaði dvalarnóttum á spítalanum í júní og júlí um 5 prósent frá síðasta ári og inniliggjandi sjúklingum um 3 prósent," segir Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans.

Þá hafi vökudeild spítalans, sem gerir ráð fyrir 12 til 14 börnum, verið með yfir 20 börn meirihluta þessa árs sem þýðir 60 milljónir króna í aukakostnað fyrir spítalann.

Hins vegar nefnir Páll vaxandi kostnað og öryggisógn vegna þess að spítalinn sé í gömlu húsnæði sem sé dreift um allt höfuðborgarsvæðið.

„Það er þannig að eins og rekstur inn hjá okkur er þá veltum við fyrir okkur hverri krónu. Við getum ekki slegið af öryggi og ef árið er okkur óhagstætt varðandi álag áfram, verðum við að skera af einhverja þjónustu, ef til þess kæmi að við værum að fara fram úr áætlun eða hefðum ekki skilning stjórnvalda," segir Páll.

Páll segir spítalann hafa verið fjársveltan í mörg ár.

- GAG

STREMBIÐ VERKEFNI Páll segist skynja velvilja hjá stjórnvöldum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

UNDIRBÚÐU ÞIG
FYRIR HAUSTIÐ

SKÓLADAGAR

Allt sem þú þarft
fyrir skólann á einum stað

Kringlan

OPIÐ LAUGARDAG 10–18, SUNNUDAG 13–18
KRINGLAN.IS

AF ÖLLU HJARTA

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
#KRINGLANICELAND

02.08.2014 → 08.08.2014

10 ár



tók fyrir könnunargeimfarið Rosettu að komast til halastjörnunnar 67P/Churyomov-Gerasimenko. Það á að verða fyrsta geimfarið sem lendir á halastjörnu.

932 hafa látist í ebólufaraldrinum í Vestur-Afríku samkvæmt staðfestum tölum WHO. Dauðsföllin gætu verið fleiri.

1.900 ný störf urðu til í sjávarútveginum á árunum 2008 til 2012. Betri aflabrögð eru stór hluti skýringarinnar.

36,2% er hlutfall þeirra sem sögðust styðja ríkisstjórnina í nýjustu könnun MMR. Í júní var hlutfallið 38 prósent.

743 nýir fólksbílar voru skráðir í júlí. Það er 17 prósenta fjölgun frá því í fyrra, en samt helmingi minna en í sama mánuði 2007.

355.000 farþegar ferðuðust með Icelandair í millilandaflugi í júlí. Þetta er metfjöldi og í fyrsta sinn sem fleiri fljúga með flugfélaginu í einum mánuði en búa á Íslandi.

MAGAKVEISA Einhverjir gestir Fiskidagsins mikla hafa fengið í magann.
FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

Eldað í eldhúsi Dalvíkurskóla:

Matareitrun á Fiskideginum

HEILBRIGÐISMÁL Fjöldi fólks fékk matareitrun á Dalvík eftir að hafa borðað taílenskan mat á fimmtudagskvöld.

Maturinn var eldaður af einkaaðilum í eldhúsi Dalvíkurskóla. Bjóða átti upp á heimsendan mat yfir Fiskidagshelgina en matseldinni hefur nú verið hætt.

Talið er líklegt að djúpsteiktar rækjur hafi valdið eitruninni. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra er með málið til rannsóknar. -ih

Fjórar fjölskyldur fá hæli:

Þrettán koma til Íslands

SAMFÉLAGSMÁL Þrettán Sýrlendingar sem hafa flúið átökin í heimalandinu eru á leið hingað til lands. Þetta segir í tilkynningu frá velferðarráðuneytinu. Undirbúningur fyrir komu fólksins er þegar hafinn.

Ákvörðunin er í samræmi við tillögu flóttamannanefndar og Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Þá segir enn fremur að sýrlenska flóttafólkið sem boðið verður að koma til Íslands dvelji nú í Tyrklandi. Það eru fjórar fjölskyldur, þar af sex börn. Ríkið, Rauði krossinn og sveitarfélög munu taka á móti fólkinu. -jhh

LEIÐRÉTT

Nafn misritaðist

Nafn Semu Erlu Serdar misritaðist á forsíðu blaðsins á fimmtudag. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Heyrnarskertir fá ekki túlka

Framkvæmdastjóri Heyrnarhjálpar segir skorta þjónustu við heyrnarskerta en talið er að 16 prósent þjóðarinnar stríði við heyrnarskerðingu. Fjárframlög til heyrnarskertra eru þó einungis brot af framlögum til heyrnarlausra.

VELFERÐARMÁL Framkvæmdastjóri Heyrnarhjálpar segir mikinn skort á þjónustu við heyrnarskerta á Íslandi. Talað sé fyrir daufum eyrum ráðamanna þar sem fötlunin virðist álitin eðlilegur fylgifiskur ellinnar.

„Mun fleiri búa við heyrnarskerðingu en margir telja, eða um fimmtíu þúsund manns á Íslandi. Aðeins þriðjungur þeirra fær heyrnarskerðingu vegna elli og margir eru heyrnarskertir frá blautu barnsbeini," segir Kolbrún Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Heyrnarhjálpar.

KOLBRÚN STEFÁNSDÓTTIR

Eitt helsta baráttumál Heyrnarhjálpar er að lækka kostnað heyrnarskertra við kaup á heyrnartækjum. Annað mikilvægt baráttumál er aukið aðgengi heyrnarskertra að rittúlkum. Rittúlkar skrifa niður texta á skjá eða blað fyrir heyrnarskerta á fundum, ráðstefnum og öðrum viðburðum, en ríkið styrkir ekki slíka túlkaþjónustu.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra fær rúmlega 100 milljóna króna framlag á ári frá ríkinu sem fer í kennslu, fræðslu og rannsóknir á táknmáli. Að auki 18,6 milljónir á ári hverju í táknmálstúlkun en á síðasta ári nýttu 178 heyrnarlausir einstaklingar sér þá þjónustu.

Heyrnarskertir, sem er mun stærri hópur, fá ekki slíkt framlag frá ríkinu. Heyrnarhjálp fær átta milljónir á ári til reksturs frá ríkinu en ekkert fjármagn er eyrnamerkt rittúlkunum.

„Táknmálstúlkun nýtist ekki heyrnarskertum þar sem íslenskan er þeirra móðurmál. Því þurfa þeir rittúlkun," segir Kolbrún. „Að auki tel ég að miklu fleiri en heyrnarskertir njóti góðs af rittúlkun, til að mynda heyrnarlausir og þeir sem eru að læra íslensku. En þetta er lykilatriði fyrir heyrnarskerta, því þetta er þeirra aðgengisleið að samfélaginu."

erlabjorg@frettabladid.is

HEYRNARTÆKI Niðurgreiðsla á heyrnartækjum nemur um sextíu þúsund krónum. Heyrnartæki kosta aftur á móti á bilinu 150-500 þúsund og meira ef heyrnin er mjög slæm.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HEFUR OFT UPPLIFAÐ SIG EINA Í HEIMINUM

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Inga Vigdís Einarsdóttir hefur verið heyrnarskert frá því hún var lítil. Hún segist aldrei hafa fundið fyrir stuðningi við fötlun sína og segir að það vanti sárlega fræðslu um heyrnarskerta, bæði til þeirra sjálfra og samfélagsins.

„Ég fór í gegnum alla skólagönguna með mjög slæma heyrn en var aldrei send til læknis eða séð til þess að ég fengi heyrnartæki. Það var í raun aldrei minnst á það við mig að ég ætti möguleika á að fá heyrnartæki."

Inga var orðin fertug þegar hún fékk fyrsta heyrnartækið. Pabbi hennar fékk óvæntan pening og keypti það handa henni. „Tækið er orðið átta ára gamalt núna en maður þarf að skipta á fimm ára fresti. Ný heyrnartæki kosta 800 þúsund krónur og ég fæ 60 þúsund frá sjúkratryggingum. Ég hef hreinlega ekki efni á nýjum tækjum en er eiginlega hætt að heyra með þessum."

Inga segir það skjóta skökku við hve lágan styrk heyrnarskertir fá. Móðir hennar fékk 80 þúsund króna styrk frá TR til hárkollukaupa vegna hárloss. Hún gat keypt tvær kollur, hárkollustand og hárkollusápu en átti samt afgang.

„Það er skrýtið hvað maður fær litla þjónustu því þetta er fötlun. Ég get ekki tekið almennilega þátt í samræðum án heyrnartækja, oft svara ég út í hött þegar ég er spurð einhvers og það getur verið svo óþægilegt að ég dreg mig úr samskiptunum. Í raun hefur mér alltaf liðið svolítið einni úti í horni með þennan vanda."

Inga fann vel fyrir því á skólagöngunni, henni var strítt og hún átti erfitt með að eignast vini. Hún segir sárlega vanta fræðslu um heyrnarskerðingu og þjónustu við þennan stóra hóp.

„Meira að segja hef ég lent í að biðja lækna um að tala hærra svo ég heyri í þeim en það er rétt fyrstu mínútuna sem þeir muna eftir því. Það eru takmörk fyrir hversu oft maður segir „ha" í samræðum við fólk svo það er hætta á að maður gefist upp á því."

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante	32°	Friedrichshafen	26°	New York	28°
Aþena	31°	Gautaborg	23°	Orlando	32°
Basel	28°	Kaupmannahöfn	23°	Ósló	24°
Berlín	26°	Las Palmas	26°	París	25°
Billund	24°	London	21°	San Francisco	22°
Frankfurt	27°	Mallorca	32°	Stokkhólmur	25°



Á MORGUN Hæg NA-átt eða hafgola.



SUNNUDAGUR Hvessir á landinu, víða strekkingur, síst S-til.

NA-ÁTT RÍKJANDI Í dag má búast við strekkingi NV-til en hægari vindi annars staðar. Rigning eða þokusúld N- og A-lands en fer minnkandi með deginum. Á morgun eru horfur á skúrum, síst SV- og V-til og á sunnudaginn hvessir heldur á landinu.

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is,
FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

RÝMINGARSÖLU Á SUMARVÖRUM

LÝKUR UM HELGINA

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR!

GARÐHÚSGÖGN 30%
FERÐAHÚSGÖGN 40%
SUMARBLÓM 50%
TRÉ OG RUNNAR 70%
TJÖLD 30%
GARÐLEIKFÖNG 40%
REIÐHJÓL 30%
REIÐHJÓLAHJÁLMAR 50%
BLÓMAÚTIPOTTAR 30%
GOSBRUNNAR 30%
FRÆ 30%
GARÐSTYTTUR 30%
OG ÓTAL MARGT FLEIRA

ALLAR GARÐPLÖNTUR, 50-70% AFSLÁTTUR

HEIMILIS-TÆKJA-DAGAR

GÆÐI OG GOTT VERÐ!

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Gefa mat við Miklubraut:

Ný metandæla tekin í notkun

VERSLUN Ný metandæla á bensínstöð ÓB við Miklubraut gegnt Kringlunni var opnuð í gær. Metanið á dæluna kemur frá Sorpu sem vinnur það úr lífrænum úrgangi.

Nóg er um að vera á stöðinni því í dag verður veitingastaðurinn Dirty Burgers & Ribs opnaður á sama stað. Veitingastaðurinn verður opinn milli klukkan 16 og 20 þar sem boðið verður upp á fríar kræsingar á meðan birgðir endast. - ih

Rithöfundar mótmæla en Amazon segir að ódýrari rafbækur sé allra hagur:

Ósáttir við framferði Amazon

BANDARÍKIN Ríflega níu hundruð rithöfundar hafa ritað netrisanum Amazon bréf sem birtast mun á síðum New York Times á sunnudag. Þar kvarta höfundarnir yfir framferði Amazon gagnvart bókaútgáfunni Hachette, sem rithöfundarnir eru á mála hjá.

Á meðal rithöfunda sem Hachette hafa gefið út bækur frá eru J.K. Rowling, Stephen King og Stephenie Meyer.

Fyrirtækin hafa deilt undanfarna mánuði vegna skilmála á rafbókum sem seldar eru á vefsíðu Amazon. Starfsmenn Amazon hafa meðal annars látið seinka sendingum og stöðvað forsölu bóka frá Hachette samkvæmt frétt BBC um málið.

Rithöfundarnir telja Amazon með þessu reyna að þrýsta á Hachette að selja rafbækur á lægra verði.

„Mörg okkar hafa stutt Amazon síðan það var lítið frumkvöðlafyrirtæki," rita rithöfundarnir sem bæta við að þeir hafi skapað Amazon miklar tekjur í gegnum árin.

Amazon segir hins vegar Hachette rukka okurverð fyrir rafbækur. Í nýlegri tilkynningu frá fyrirtækinu segir netrisinn að rafbækur ættu að vera seldar á helmingi lægra verði. Mun ódýrara sé að gefa út rafbækur en hefðbundnar bækur.

Amazon fullyrðir einnig að lægra verð rafbóka myndi auka sölu þeirra sem skapi meiri tekjur fyrir alla aðila. - ih

ÓSÁTTUR Stephen King er einn þeirra rithöfunda sem ritað hafa nafn sitt á mótmælabréfið. MYND/FILMMAGIC

Skattfrádráttur
vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar
Umsóknarfrestur til 1. september

Fyrirtækjum sem stunda rannsókna- og þróunarstarf gefst kostur á að sækja um frádrátt frá tekjuskatti vegna slíkra verkefna, skv. lögum nr. 152/2009 með síðari breytingum. Fyrirtæki sem ekki greiða tekjuskatt geta fengið samsvarandi endurgreiðslu.

Rannís tekur við umsóknum, leggur mat á hvort þær uppfylli skilyrði laganna og tilkynnir fyrirtækjum og ríkisskattstjóra um niðurstöðuna.

Sótt er um rafrænt á www.rannis.is/sjodir/atvinnulif/skattfradrattur/

Nánari upplýsingar, reglur og leiðbeiningar má fá á heimasíðu Rannís eða í síma 515 5800.

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafisk hönnun

Engar eða rangar merkingar á skarti

Neytendastofa hefur aukið eftirlit með merkingum á eðalmálmum. Dæmi eru um að ekki sé gramm af silfri í „silfurhálsmeni", náttúrusteinar séu ódýrt gler og á handverkssýningunni í Ráðhúsinu í vor var aðeins einn með réttar merkingar.

NEYTENDUR Á Íslandi hefur merkingum verið ábótavant á eðalmálmum síðustu árin. Vörur sem eru unnar úr eðalmálmum í atvinnuskyni eiga að vera merktar með ábyrgðarstimplum. Annars vegar hreinleikastimpli, sem segir til um magn eðalmálms, og nafnastimpli sem segir hver ber ábyrgð á vörunni.

Árin 2006-2007 var gefið upp rangt magn af eðalmálmi í tíu prósentum af vörum sem Neytendastofa skoðaði og árið 2009 var hlutfallið sex prósent. Mun oftar skortir nafnastimplun, en árið 2005 vantaði slíkan stimpil á 83 prósent varanna sem voru skoðaðar.

Guðrún Lárusdóttir, verkefnastjóri á Neytendastofu, segir ástandið hafa lagast síðustu árin með auknu eftirliti. Þó skorti enn verulega merkingar á skarti á mörkuðum og handverkssýningum. „Sem dæmi var aðeins einn aðili með vörurnar sínar í lagi á handverkssýningunni í Ráðhúsi Reykjavíkur síðastliðið vor."

Guðrún segir skipta miklu máli fyrir neytendur að hafa þessar merkingar á hreinu, enda viti það annars ekkert hvað það er með í höndunum og geti ekki dregið neinn til ábyrgðar ef það hefur keypt köttinn í sekknum.

„Við höfum kannað hálsmen sem ekki var eitt gramm af silfri í þótt það væri selt sem slíkt. Sama hefur komið upp með silfurskeiðar. Einnig er mikið af lituðu gleri í umferð sem er selt sem demantar, rúbínar eða aðrir náttúrusteinar. Fólk þarf að vera vakandi fyrir þessu."

Guðrún ítrekar að hún telji ekki að um einbeittan brotavilja sé að ræða hjá skartgripasölum heldur verði oft mistök eða um vanþekkingu sé að ræða. Dæmi séu um að skartgripir séu fluttir inn úr eðalmálmi, síðan í næstu sendingu af sama skartgrip hefur magnið minnkað eða horfið. „En eins og gengur og gerist eru þetta yfirleitt sömu aðilar sem er vandræði með."

Guðrún bendir einnig neytendum á að kanna nikkel í skartgripum. „Áður var alfarið bannað að hafa nikkel í skarti en fyrir ári var lítið magn leyft að nýju vegna reglugerða Evrópusambandsins. Lítið magn getur þó vakið upp ofnæmisviðbrögð."

Fyrir fjórum árum voru 817 sendingar af skartgripum skoðaðar á Spáni í átarlegri könnun. 41 prósent af vörunum var ekki í lagi. Aðallega var um of mikið magn af hættulegum efnum að ræða, til dæmis nikkeli. erlabjorg@frettabladid.is

SKART Árið 2011 voru 318 vörur skoðaðar hjá 54 aðilum á Íslandi. Nítján þurftu að bæta úr merkingum á vörum sínum eða 35 prósent söluaðila. NORDICPHOTOS/GETTY

> **Við höfum kannað hálsmen sem ekki var eitt gramm af silfri í þótt það væri selt sem slíkt. Sama hefur komið upp með silfurskeiðar.**
>
> *Guðrún Lárusdóttir, verkefnastjóri á Neytendastofu*

Göngugreining

Vandamál sem göngugreining Flexor getur hjálpað til við að leysa eru til dæmis:

- *þreytuverkir og pirringur í fótum*
- *verkir í hnjám*
- *sársauki eða eymsli í hælum (hælspori, „plantar fasciitis" o.fl.)*
- *beinhimnubólga*
- *óþægindi eða verkir í baki og/eða mjöðmum*
- *verkir í tábergi og/eða iljum*
- *hásinavandamál*
- *óþægindi í ökklum*
- *þreytu- og álagsverkir hjá börnum og unglingum*

Pantaðu tíma í síma 517 3900

FLEXOR NÆSTA SKREF

Orkhúsinu / Suðurlandsbraut 34 / 517 3900

Borgarstjóri vill að Reykjavík reki saman heilsugæslu og félagsþjónustu:

Vill taka upp „Akureyrar-módel"

HEILBRIGÐISMÁL Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segist eindregið vilja að Reykjavíkurborg taki alfarið yfir rekstur heilsugæslu í borginni og samtvinni hana félagsþjónustu. Hann segir mjög marga deila þessari framtíðarsýn hans.

„Bilið á milli heilbrigðismála og félagsmála er oft óljóst," segir Dagur. „Eins er það orðið viðurkennt að þegar maður er að ræða málefni fjölskyldna, þá virkar einfaldlega betur heildstæð nálgun þar sem sérfræðingar vinna saman sem teymi en ekki sem afmarkaðar stofnanir sem vísa fólki hvor á aðra."

Þetta kallar Dagur „Akureyrar-módelið" með vísun til þess að Akureyrarbær hefur undanfarið rekið heilsugæslu bæjarins samhliða annarri þjónustu. Með sameiningu heilbrigðisstofnana á Norðurlandi mun ríkið yfirtaka reksturinn á heilsugæslu Akureyrar. Í Fréttablaðinu í gær segir Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra að það sé engin ástæða til að ætla að við það dragist þjónustan saman, en af þessu hefur Dagur áhyggjur.

„Ég hef áhyggjur af því að þessi góða samvinna og samþætting sem náðst hefur á Akureyri sé í hættu ef ábyrgðin færist til," segir hann. „Ég held að það séu tvímælalaust rök fyrir því að þetta eigi einmitt að vera á einni hendi." -bá

EINDREGINN VILJI Dagur segir borgina tilbúna að taka að sér rekstur heilsugæslu í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gleðilega hátíð
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000

Malaysia Airlines þjóðnýtt:

Reksturinn í molum

VIÐSKIPTI Fjárfestingarfélagið Khazanah Nasional, sem er í eigu ríkissjóðs Malasíu, mun taka yfir allan eignarhlut í Malaysia Airlines. Farþegaþota á vegum félagsins var skotin niður í lofthelgi Úkraínu í byrjun júlí og fyrr á árinu hvarf önnur vél sporlaust. Fréttastofa BBC segir að þessir tveir atburðir hafi haft mjög slæm áhrif á rekstur félagsins. Khazanah átti fyrir tæplega 70 prósenta hlut í félaginu. - jhh

Sérfræðingar sem sóttu tveggja daga neyðarfund segja þörf á alþjóðlegu átaki gegn ebólufaraldrinum:

WHO lýsir yfir alþjóðlegu neyðarástandi

SVISS Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) hefur lýst því yfir að alþjóðlegt neyðarástand ríki nú vegna ebólufaraldursins í Vestur-Afríku. Fulltrúar stofnunarinnar segja brýna þörf á samstilltu, alþjóðlegu átaki til að stöðva útbreiðslu veirunnar.

Yfirlýsing WHO kom í kjölfar neyðarfundar sérfræðinga í Sviss sem stóð yfir í tvo daga. Faraldurinn sem kom upp í Gíneu síðastliðinn febrúar er sá mannskæðasti í sögunni og hefur nú grandað rúmlega 930 manns.

Í yfirlýsingu stofnunarinnar segir að í ljósi takmarkaðrar heilbrigðisþjónustu og þéttrar byggðar í þeim löndum sem veiran gæti næst borist til, séu mögulegar afleiðingar frekari útbreiðslu grafalvarlegar.

Keiji Fukuda, yfirmaður heilbrigðisöryggis hjá WHO, segir að séu réttu skrefin tekin sé hægt að vinna bug á faraldrinum.

„Þetta er ekki dularfullur sjúkdómur," segir Fukuda. „Þetta er smitsjúkdómur sem hægt er að hafa hemil á. Þetta er ekki veira sem smitast í lofti milli fólks."

Samkvæmt BBC hafa yfirlýsingar WHO um neyðarástand táknrænt gildi en þær hafa engar takmarkanir á flugferðum fólks eða alþjóðlegum viðskiptum í för með sér. Jeremy Farrar, forstjóri Wellcome-sjóðsins, segir að það sé enn mjög ólíklegt að ebólufaraldurinn muni verða að heimsfaraldri þótt íbúum Vestur-Afríku standi enn gríðarleg hætta af veirunni. - bá

LÝSA YFIR NEYÐARÁSTANDI Keiji Fukuda ræðir við Margaret Chan, framkvæmdastjóra WHO, á blaðamannafundi í Sviss. NORDICPHOTOS/AFP

HEILSUDÝNUDAGAR

Nature's Bedding

Nature's Rest

Stærð cm.	Verð	Dýnudagar
80x200	62.900,-	53.465,-
90x200	68.900,-	58.565,-
100x200	72.900,-	61.965,-
120x200	79.900,-	67.915,-
140x200	92.900,-	78.965,-
160x200	99.900,-	84.915,-
180x200	117.900,-	100.215,-

Nature's Comfort

Stærð cm.	Verð	Dýnudagar
100x200	99.900,-	84.915,-
120x200	119.900,-	101.915,-
140x200	138.900,-	118.065,-
160x200	149.900,-	127.415,-
180x200	164.900,-	140.165,-

Nature's Luxury

Stærð cm.	Verð	Dýnudagar
120x200	129.900,-	110.415,-
140x200	155.900,-	132.515,-
160x200	169.900,-	144.415,-
180x200	189.900,-	161.415,-

DORMA
– býður góða nótt

DORMA Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri ✆ 558 1100
Húsgagnahöllinni, Reykjavík ✆ 558 1100

HEFUR HAFIÐ LOFTÁRÁSIR Obama hyggst ekki senda bandaríska hermenn inn í Írak. NORDICPHOTOS/AFP

Loftárásir hafnar á norðurhluta Íraks

Bandaríkjamenn gerðu loftárás á sveit samtakanna Íslamskt ríki í Írak í gær. Barack Obama forseti segist ekki ætla að senda hermenn inn í landið. Stjórnvöld í Írak og Kúrdistan fagna aðstoð Bandaríkjanna gegn samtökunum herskáu.

ÍRAK Bandaríkjamenn hófu í gær loftárásir gegn samtökunum Íslamskt ríki sem ráða yfir stórum svæðum í norðurhluta Íraks. Fyrstu árásunum var beint gegn stórskotaliði sem berst gegn hersveitum Kúrda í grennd við borgina Irbil.

Barack Obama Bandaríkjaforseti tilkynnti aðfaranótt föstudags að hann hefði heimilað loftárásir í Írak til að vinna bug á íslamistunum. Hann hyggst þó ekki senda hermenn inn í landið.

„Við getum brugðist við, varlega og af ábyrgð, til að koma í veg fyrir mögulegt þjóðarmorð," sagði Obama á blaðamannafundi er hann tilkynnti um heimildina. BBC kallar þetta sterkt og táknrænt orðaval hjá Obama, sem kaus að beita ekki hernaðaraðgerðum í Sýrlandi í fyrra, eftir að efnavopnum var beitt í átökunum þar í landi.

Irbil er höfuðborg sjálfsstjórnarhéraðsins Kúrdistans í Norður-Írak. Sveitir Íslamska ríkisins hafa náð á sitt vald borgunum Mosul, Sindsjar og Karakosh sem liggja nálægt héraðinu. Obama lýsti því yfir aðfaranótt föstudags að Bandaríkin myndu beita loftárásum gegn íslamistum ef þeir gerðu atlögu gegn Irbil, þar sem margir bandarískir ráðgjafar og diplómatar eru staðsettir.

Stjórnvöld í Írak og Kúrdistan fögnuðu í gær þeirri ákvörðun að heimila loftárásir gegn íslamistum. Samtökin Íslamskt ríki, sem áður kölluðu sig ISIS, hafa unnið hvern sigurinn á fætur öðrum gegn stjórnarliðum og lagt undir sig stór svæði í Norður-Írak og í Sýrlandi á síðustu mánuðum.

„Við þökkum Barack Obama," segir Kalíd Tsjamal Alber, fulltrúi trúmálaráðuneytis Kúrdistans, í samtali við fréttaveituna AP.

Samtökin byggja á mjög íhaldssamri túlkun á íslam og vilja koma ströngum sjaría-lögum á í landinu. Um 200.000 manns úr minnihlutahópum landsins hafa þurft að flýja heimili sín undan samtökunum, þar á meðal 50.000 Jasídar sem sitja fastir á Sindsjarfjalli, matar- og vatnslitlir.

Obama hefur sagt að loftárásum yrði sömuleiðis beitt ef nauðsyn krefði til þess að hjálpa stjórnarliðum að aflétta umsátrinu um Sindsjarfjall. bjarkia@frettabladid.is

FYRSTA LOFTÁRÁS BANDARÍKJAMANNA

TAUMLAUS GLEÐI!

Potturinn í Lottóinu stefnir í 45 milljónir.
Leyfðu þér smá Lottó!

P!PAR TBWA · SÍA

THE EUROPEAN LOTTERIES · RESPONSIBLE GAMING CERTIFIED · WORLD LOTTERY ASSOCIATION WLA

facebook
Ert þú á Facebook? Magnað, við líka!
facebook.com/lotto.is



FORSETAFUNDUR Það hefur vakið athygli að sérstaklega vel virðist fara á með þeim Ólafi Ragnari og Pútín Rússlandsforseta. Það er nefnt sem hugsanleg skýring á því að Ísland er ekki á bannlista Rússa.

Samband forsetanna skyldi ekki vanmeta

Því er hent fram að Rússar hafi gleymt Íslandi þegar bannlisti á Vesturlönd var dreginn upp. Bent er á að gott samband Ólafs Ragnars Grímssonar og Vladimírs Pútín gæti hafa skipt máli. Eins að Rússar „hafi not“ fyrir Ísland síðar.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Ef það er einhver ein spurning sem brennur á mönnum eftir að rússnesk stjórnvöld tilkynntu um víðtækt viðskiptabann á Vesturlönd þá er hún af hverju Ísland er ekki á þeim lista. Ekkert einhlítt svar er þó gefið við spurningunni en kenningarnar eru nokkrar.

Ráðamenn í Rússlandi tilkynntu á fimmtudag um innflutningsbann gagnvart Vesturlöndum, sem tók gildi tafarlaust. Bannið er augljóslega svar þeirra við sífellt hertum viðskiptaþvingunum vestrænna ríkja í kjölfar afskipta Rússa í Úkraínu. Bannið er víðtækt, nær til Evrópusambandsríkjanna, Bandaríkjanna, Kanada, Ástralíu og Noregs.

Noregur ekki Ísland

Vera Noregs á listanum en ekki Íslands vekur sérstaka athygli, og ekki að ósekju. Noregur hefur sömu stöðu gagnvart Rússlandi, hefur aðgang að innri markaði Evrópusambandsins í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Vert er að velta því upp að Liechtenstein, þriðja ríkið sem nýtur þessara réttinda í gegnum samninginn, er þar ekki heldur að finna. Bæði Ísland og Noregur hafa fordæmt framgang Rússa í Úkraínu og styðja fyrrnefndar viðskiptaþvinganir héðan að vestan.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hefur farið til Úkraínu í tvígang til að sýna stuðning íslenskra stjórnvalda við málstað þeirra og talað tæpitungulaust opinberlega. Fréttin af innflutningsbanninu var ekki gömul þegar Gunnar Bragi lýsti því yfir í fjölmiðlum að þessi aðgerð Rússa breytti engu varðandi afstöðu Íslands til deilumálanna sem stigmagnast dag frá degi.

Indra Øverland, framkvæmdastjóri hjá Norsku alþjóðamálastofnuninni (NUPI), sagði í viðtali í hádegisfréttum Bylgjunnar í gær að það væri erfitt að útskýra hvers vegna Ísland er ekki á lista Rússa, en varpaði því fram að Rússar hefðu kannski hreinlega gleymt Íslandi eða fyndist það ekki skipta máli vegna smæðarinnar. Önnur skýring hans var að Rússar vildu jafnvel halda opinni leið fyrir innflutning á vestrænum vörum sem þeir hefðu annars flutt frá þeim löndum sem skipa listann.

Forsetinn

Í samtölum Fréttablaðsins við þá sem gerst þekkja til alþjóðastjórnmála hefur það verið nefnt að samband íslenskra ráðamanna við Rússa gæti skipt máli í samhengi við gjörning Rússa. Nafn Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, er þá fyrst og oftast nefnt í því samhengi. Gott samband Ólafs Ragnars við Vladimír Pútín Rússlandsforseta er vel kynnt.

Síðast var Ólafur Ragnar meðal gesta í sérstakri móttöku Pútíns í tilefni af setningu Vetrarólympíuleikanna í Sotsí í febrúar. Fimm mánuðum áður ræddu þeir á sérstökum fundi um norðurslóðamál, vaxandi samstarf Íslendinga og Rússa á sviðum viðskipta, ferðaþjónustu og orkumála sem og menningaratburði á Íslandi og í Rússlandi í tengslum við það að sjötíu ár eru liðin frá því að löndin tóku upp formlegt stjórnmálasamband.

Ólafur reiðist

Þá er þess skemmst að minnast að Ólafur Ragnar setti harkalega ofan í við Ingvild Næss Stub, staðgengil utanríkisráðherra Noregs, á fundi um norðurslóðamál í Nordlandháskólanum í Noregi í mars síðastliðnum.

JÓN ÓLAFSSON

Stub gerði þar málefni Úkraínu og Rússlands að umtalsefni, sem Ólafi Ragnari mislíkaði. Taldi hann fundinn óviðeigandi vettvang til að ræða milliríkjadeiluna og umræðuna jafnvel geta verið skaðlega fyrir samband Íslands og Noregs við Rússa í norðurslóðamálum. Stub blés á gagnrýni Ólafs Ragnars og sagði málið það alvarlegt að vettvangur umræðunnar skipti engu máli. Um brot á alþjóðalögum væri að ræða og afstöðu Noregs, bandamanna þeirra, Evrópusambandsins og NATO yrði að halda á lofti.

Aðspurður hvort samband íslenskra og rússneskra ráðamanna, ekki síst forsetanna Ólafs Ragnars og Pútíns, gæti hafa ráðið einhverju í þessu samhengi segir Jón Ólafsson, prófessor á Bifröst, að alls ekki sé hægt að útiloka þann möguleika. Jón segist að sama skapi vantrúaður á það að rússneskir embættismenn hafi „gleymt“ Íslandi og við séum ekki á listanum þess vegna.

EINN MIKILVÆGASTI MARKAÐUR ÍSLANDS

Engin trygging er fyrir því að Ísland lendi ekki á lista Rússa yfir þau lönd sem innflutningsbannið nær til. Hagsmunir Íslands eru fyrst og síðast vegna útflutnings sjávarafurða – ekki síst þeirra sem tengjast uppsjávarveiðum og -vinnslu.

Ef litið er til síðasta árs var Rússland mikilvægasti markaður Íslendinga fyrir makrílafurðir; og reyndar aðrar uppsjávartegundir. Rússar keyptu afurðir uppsjávartegunda fyrir 15,3 milljarða árið 2013, og voru með 29% hlutdeild alls.

Þá fóru 27% af sjófrystum hausskornum karfa frá Íslandi árið 2013 til Rússlands og var verðmætið tæpir 2,8 milljarðar. Rússland er stærsti innflytjandi sjófrysts hausskorins karfa frá Íslandi.

Rússar kaupa einnig gulllax, grálúðuafurðir og fersk og fryst hrogn og lifur.

Miðað við útflutningsverðmæti var Rússland fimmti mikilvægasti markaður Íslands með sjávarafurðir mælt í útflutningsverðmætum árið 2012, og enn mikilvægari með hverju árinu vegna makrílkaupa.

Til hamingju
með daginn
fallega fólk

BLUE LAGOON
ICELAND

Aukum öryggi barna

Lausnin er til, ódýr og einföld

Í samstarfi við Krumma leikfangasmiðju býður BYKO upp á einfalda og ódýra lausn sem eykur öryggi barna í kaðlarólum.
Í sameiningu hvetjum við foreldra og forráðamenn til að huga að ástandi útileiktækja og bregðast við ef kaðlarólur eru í notkun á umráðasvæði þeirra. Lausnin er til, ódýr og einföld í framkvæmd.

Leiðbeiningar:

1. Finnið út þvermál kaðalsins. Ef kaðall er 10 mm skal nota 12 mm slöngu.
2. Lengd ádrags er í flestum tilfellum nægileg 150 cm.
3. Gott er að leggja slönguna í heitt vatn í 3 mínútur áður en hún er dregin á kaðalinn.

Alþjóðlegum öryggisstöðlum verði breytt í kjölfar banaslyss í leiktæki á Íslandi

Neytendastofa og Embætti landlæknis hafa farið fram á að evrópskum öryggisstöðlum um kaðlarólur verði breytt í kjölfar hörmulegs slyss árið 2010 þegar fjögurra ára gamall drengur lést á leikvelli í Reykjavík. Hann flæktist í kaðlarólu sem hann var að leika sér í.

Embættin hafa sent beiðni um breytingarnar til General Product Safety Directive (GPSD) nefndarinnar sem hefur aðsetur í Brussel. Nefndin, sem sér um öryggisstaðla á vegum Evrópusambandsins, tók málið fyrir þann 19. maí s.l. Tryggvi Axelsson forstjóri Neytendastofu á sæti í nefndinni og mun fylgja málinu eftir. Samþykki nefndin erindið er lagt fyrir staðlaráð Evrópu að breyta stöðlum og gera vörurnar öruggari.

,,Málið snýst um að breyta evrópskum öryggisstöðlum er varða kaðlarólur. Rólur eru eitt vinsælasta leiktæki barna og því mikilvægt að gera allt sem hægt er til að koma í veg fyrir að lykkja geti myndast á kaðlinum. Samhliða þessu viljum við gera kynningarátak hér innanlands og benda á þá hættu sem stafar af þessum rólum. Með því viljum við hvetja almenning til þess að gera ráðstafanir og setja viðeigandi plasthólka utan um allar kaðlarólur og reyna þannig að koma í veg fyrir að hörmulegt slys sem þetta endurtaki sig,“ segir Hákon Hákonarson, stjórnarmaður í Umhyggju og afi drengsins sem lést.

Íslenski leiktækjaframleiðandinn Krumma ehf. og BYKO hafa að undanförnu unnið að útfærslum á breytingum á slíkum rólum. Fyrirséð er að einföld lausn á borð við plasthólka dregur úr þeirri hættu að sveigja eða lykkja myndist á snærisböndin og kemur þar með í veg fyrir eða dregur a.m.k. verulega úr hengingarhættu. Slíkir plasthólkar utan um reipi eða keðjur á rólum fyrirfinnast víða, t.a.m. á leiksvæðum við flesta leik- og grunnskóla.

,,Þá mætti í raun ganga skrefinu lengra og taka kaðlarólur alfarið úr umferð og hafa það þannig að keðjur með plasthólk utan um fylgi öllum nýjum rólum, hvort sem um samsett leiktæki er að ræða eður ei og hvort sem þau eru til notkunar í afgirtum einkagarði eða á opnu leiksvæði,“ segir Hákon.

Umboðsmaður Barna · Neytendastofa · Embætti landlæknis · BYKO Búðu betur. Borgaðu minna.

Hlaupið í takt við ljúfa tóna

ÆFING Á níunda þúsund ætla að hlaupa í Reykjavíkurmaraþoni „Það gengur rosalega vel,“ segir Anna Lilja Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi hlaupsins, um undirbúning. Hugsanlega hefur þessi kona verið að æfa fyrir Reykjavíkurmaraþon. FRÉTTABLAÐIÐ/ STEFÁN.

Verjandi segir Pistorious hafa alist upp við óöryggi:

Dæmt í máli Oscars Pistorius í september

SUÐUR-AFRÍKA Thokozile Masipa, dómari í máli Oscars Pistorius, hefur tilkynnt að dómur verði kveðinn upp í málinu þann 11. september næstkomandi.

Málflutningi í réttarhöldunum yfir spretthlauparanum suðurafríska lauk í gær þegar verjandi og saksóknari fluttu lokaræður sínar.

Pistorius er gefið að sök að hafa skotið kærustu sína, Reevu Steencamp, til bana í febrúar í fyrra. Pistorius hefur sjálfur viðurkennt að hafa skotið Steenkamp en ávallt neitað því að hafa banað henni að yfirlögðu ráði. Hélt hann að um innbrotsþjóf væri að ræða.

Barry Roux, verjandi Pistorius, sagði í lokaræðu sinni að vegna fötlunar sinnar hefði hinn 27 ára Pistorius alist upp í ótta og þurft að venjast þeirri tilhugsun að geta ekki flúið ef hætta steðjaði að. Þetta hefði valdið honum miklu óöryggi. Roux líkti aðstæðum Pistorius við eiginkonu sem skýtur eiginmann sinn eftir áralangar misþyrmingar. Verði Pistorius fundinn sekur um morð gæti hann átt lífstíðarfangelsi yfir höfði sér. - aí

BÍÐUR DÓMS Oscar Pistorius á yfir höfði sér þungan dóm verði hann fundinn sekur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ísraelar segja engar forsendur fyrir friðarumleitunum:

Átök brutust út að nýju í gærmorgun

GASA, AP Átök á Gasasvæðinu hófust að nýju í gærmorgun eftir þriggja sólarhringa vopnahlé. Eldflaugaárásir frá Gasa á Ísrael hófust að nýju aðeins nokkrum mínútum eftir að vopnahléinu lauk klukkan fimm um nóttu að íslenskum tíma.

Liðsmenn Hamas hafa hvorki staðfest né neitað að þeir hafi hafið árásirnar. Þeir segjast reiðubúnir að halda áfram friðarviðræðum í Kaíró. Ísraelsher kennir samtökunum aftur á móti um að hefja átökin á ný og svaraði með röð loftárása á Gasa.

„Það eru engar forsendur fyrir viðræðum eftir að Hamas rauf vopnahléið,“ sagði Mark Regev, talsmaður Ísraelsstjórnar. „Það verður ekki samið á meðan á átökum stendur.“

Fundur milli samningamanna frá Egyptalandi og Palestínu stóð yfir alla nóttina áður en vopnahléinu átti að ljúka, án árangurs.

SPRENGINGAR Í GÆR Ísraelsher hefur gert rúmlega 5.000 loftárásir á Gasasvæðið undanfarinn mánuð. NORDICPHOTOS/AFP

Hamasliðar vilja að Ísraelsher aflétti umsátrinu um Gasa en segja að þeir muni ekki leggja niður vopn. Ísraelsmenn segjast ekki vilja aflétta umsátrinu nema Hamas afvopnist.

Árásir Ísraelsmanna á Gasasvæðið hafa nú staðið yfir í mánuð. Nærri tvö þúsund íbúar á svæðinu hafa látið lífið og tugir þúsunda lent á vergangi. -bá

Knús á ykkur öll!

VÍS ÓSKAR HINSEGIN FÓLKI TIL HAMINGJU MEÐ HINSEGIN DAGA

F plús fjölskyldutrygging nær til allra fjölskyldugerða og er hreint ótrúlega víðtæk. Í F plús er meðal annars heimilistrygging, slysatrygging í frítíma, farangurstrygging og ferðarofstrygging.

Kynntu þér kosti F plús og tryggðu öryggi fjölskyldu þinnar.
Gleðjumst saman örugg og áhyggjulaus.
VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk.

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

vís

VESTA - 3ja sæta tungusófi. Stærð: 300 x 165 H:75 cm
Tunga getur verið beggja vegna -púðar kosta aukalega

ANDREW
Borðsstofustóll

UMBRIA - 3ja sæta sófi. Stærð: 220 x 95 H:95 cm

Fæst einnig 2ja sæta, hornsófi og stóll

OEGON - 3ja sæta sófi. Stærð: 213 x 90 H:55 cm

Fæst einnig 2ja sæta, horn- og tungusófar

LA Z BOY
La-z-boy - líklega besta sæti í heimi!

ASPEN
La-Z-boy stóll.
Leður. B:80 D:80 H:102 cm.
Einnig fáanlegur í áklæði.

AROS
barstóll
margir litir

AROS
stóll,
margir litir

HIMALAYA
Borðstofuborð
með 2 stækkunum.
Gegnheil eik.

IVV SPEEDY
skálar, 6 í setti

VIDIVI vasar
mikið úrval

SALT & PEPPER
Ostabakki

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl og gilda á meðan á Taxfreedögum stendur og birgðir endast.

– KOMDU NÚNA –

TAXFREE DAGAR

20,32% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

SÓFAR | SÓFASETT | HÆGINDASTÓLAR | SÓFABORÐ | BORÐSTOFUBORÐ | BORÐSTOFUSTÓLAR | SVEFNSÓFAR | BORÐSTOFUSKÁPAR | BAKBORÐ | HORNBORÐ | ALLSKONAR-SMÁVARA | O.FL. | O.FL.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

LOKA HELGIN

– EKKI MISSA AF ÞESSU –

GOHST
hægindastóll

TAXFREE VERÐ!
111.544
KRÓNUR

HÚSGAGNAHÖLLIN

– Reykjavík – Akureyri –

G Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 EITT SÍMANÚMER 558 1100

Baráttan fyrir viðurkenningu fjölbreytileikans:

Út fyrir rammana

Gleðigangan, sem farin verður í Reykjavík í dag, er dálítið sérstakt fyrirbæri. Hún er nánast orðin ein af okkar þjóðlegu hefðum, rétt eins og sautjándi júní eða menningarnótt, en um leið er hún í stöðugri uppreisn gegn hefðbundnum hugsunarhætti um það hvernig fólk á eða má vera og ekki vera. Í gleðigöngunni er fjölbreytileika mannlífsins fagnað, í öllum sínum regnbogans litum.

Mannlífið er nefnilega dásamlega fjölbreytt – og um leið býsna flókið. Nú orðið njóta samkynhneigðir sömu lagalegu réttinda og gagnkynhneigðir á nánast öllum sviðum. En mannfólkið skiptist ekki bara í samkynhneigt fólk og gagnkynhneigt. Í gleðigöngunni taka líka þátt hinir tvíkynhneigðu, transfólk og intersex-fólk. Þetta er fólk sem samfélagið viðurkenndi ekki einu sinni að væri til fyrir ekki svo löngu síðan og löggjöf landsins endurspeglar ekki tilvist þess og réttindi nema að takmörkuðu leyti.

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Eva Rún Snorradóttir sviðslistakona var í gær í athyglisverðu viðtali í Lífinu, fylgiriti Fréttablaðsins. Hún segist þar telja að gleðigangan skipti enn miklu máli í mannréttindabaráttunni, sem sé í raun nýhafin. Þó hafi hún haft áhyggjur af að hátíðin styrki skiptinguna í samkynhneigða og gagnkynhneigða sem sé „náttúrlega alveg hundgömul og er bara skáldskapur sem á ekki lengur við“.

Eva segir að rammarnir í samfélaginu séu áfram sterkir: „Það er allt í lagi að vera hommi eða lesbía innan viss ramma en svo verður þetta allt annar handleggur þegar kemur að intersex-fólki og transfólki til dæmis. Ég held að það sé meira að segja enn þá mjög erfitt að vera tvíkynhneigður því að þá koma fordómarnir bæði frá samkynhneigða og gagnkynhneigða samfélaginu. Þú verður að vera annaðhvort eða.“

Eva segist þannig þeirrar skoðunar að mannréttindabaráttan sem er undirliggjandi í gleðigöngunni, snúist „alls ekkert um samkynhneigða og gagnkynhneigða heldur um að opna hugann og leysa upp þetta heterónorm“. Hún segir hátíðina „tækifæri fyrir alla til að líta í eigin barm og skoða sig og uppgötva að ekkert eitt er eðlilegra en annað. Það eru allir frík á einhvern hátt og eiginlega er mest fríkí að finnast maður vera „eðlilegur“. Hvað þýðir það eiginlega? Það er ekki hægt að vera eins og allir hinir, það hugtak fuðrar upp um leið og maður segir það.“

Það er býsna mikið til í þessu. Íslenzkt samfélag er að opnast og viðurkenningin á því að allir þurfi hreint ekki að vera eins fer vaxandi. Samt eimir mjög eftir af alls konar fordómum og jafnvel sumir þeir sem telja sig hafa verið fórnarlömb fordóma eru hugsanlega ekki alveg lausir við þá sjálfir þegar þeir eru komnir inn í hlýju normsins.

Gleðigöngunnar er því sannarlega þörf. Þess er skemmst að minnast að reynt var að kæra gönguna í fyrra til lögreglu og barnaverndaryfirvalda af því að einhverjar þröngsýnar sálir töldu sér misboðið. Það eru alls ekki allir reiðubúnir að viðurkenna rétt fólks til að vera það sjálft. Baráttu þeirra sem vilja brjóta hina þröngu ramma einsleits samfélags er hvergi nærri lokið.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson
ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

SPOTTIÐ

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Á ráðherra að vera eða fara?

Lekamálið sem svo hefur verið kallað hefur vakið spurningar um hvort innanríkisráðherra hefði átt að víkja í tengslum við lögreglurannsókn sem beinst hefur að ráðuneytinu. Tilefnið er skjal með persónuupplýsingum sem ráðuneytið bar ábyrgð á að kæmu ekki fyrir almenningssjónir. En það gerðist og sú gáta er óleyst.

Ríkissaksóknari bað um lögreglurannsókn sem ráðherra fagnaði. Í byrjun var þó ekki ljóst hvort ráðherrann átti frumkvæðið. Það er líka aukaatriði. En það er einstök staða að ráðuneyti og þar með ráðherra sæti sakamálarannsókn.

Fyrrverandi ríkissaksóknari sagði fyrir viku að það væru síðustu forvöð fyrir ráðherra að segja af sér. Formaður Sjálfstæðisflokksins hefur sagt að þetta sé viðkvæmt mál og staðan sé óþægileg fyrir innanríkisráðherra. Jafnframt hefur hann sagt að ráðherrann hafi notið stuðnings hans í því að víkja ekki sæti.

Lýsing formanns Sjálfstæðisflokksins á stöðu málsins er glögg og nokkuð raunsæ. Taka verður með í reikninginn að erfiðleikar Hönnu Birnu Kristjánsdóttur eru dýpri en þetta mál eitt gefur tilefni til meðal annars vegna þess að það var litið misjöfnum augum þegar hún reyndi að bregða fæti fyrir formanninn á lokametrum kosningabaráttunnar á síðasta ári. En um leið veitir þessi veikleiki henni nokkurt skjól.

Ef formaður Sjálfstæðisflokksins gengi hart fram nú er hætt við að einhverjir litu svo á að hann væri að nota tækifærið til að ná fram hefndum. Þá gæti samúð almenningsálitsins flust yfir á innanríkisráðherrann. Þetta sýnir vel hversu öfugsnúin pólitísk lögmál geta oft á tíðum reynst. Í þessu ljósi hefur Bjarni Benediktsson haldið vel á málinu og með yfirveguðum hætti.

Samtöl um framgang rannsóknar

Þegar málið fór af stað var það þannig vaxið að engar skýrar lagareglur mæltu fyrir um að ráðherra þyrfti að víkja. Ekki var þá séð að til ákvörðunar eða þess konar afskipta kæmi af hálfu ráðherra að ákvæði stjórnsýslulaga um hæfi til meðferðar einstaks máls ætti með ótvíræðum hætti við. Að baki vangaveltum um afsögn lágu því frekar pólitísk eða siðferðileg sjónarmið.

Hafa þarf í huga að ráðherrar geta ekki vikið tímabundið eins og aðrir embættismenn þegar þannig stendur á að lögreglurannsókn beinist að þeim. Þeir segja formlega af sér og það er alfarið háð pólitískri stöðu hvort þeir eiga afturkvæmt.

Árið 1932 tók nýr dómsmálaráðherra við embætti þótt lögreglurannsókn á atviki úr lögmannsstarfi hans stæði yfir. Hann var síðan dæmdur í undirrétti og sagði þá af sér. Rúmum mánuði síðar var hann sýknaður í Hæstarétti. Þingflokkur sjálfstæðismanna tilnefndi hann þá aftur sem ráðherra og staðgengillinn vék til hliðar.

Nýlega var upplýst að innanríkisráðherra hefði á ákveðnum tímapunkti talið nauðsynlegt að eiga samtöl við lögreglustjórann um framgang rannsóknarinnar. Ráðherra segir að það hafi verið nauðsynleg og eðlileg samtöl. Ástæðulaust er að véfengja það. En um leið var þá komin upp ný staða. Er hér var komið sögu sýnast hæfisreglur stjórnsýslulaga hafa náð til málsins.

Þegar ráðherra mat aðstæður með þeim hætti að slík samtöl væru óhjákvæmileg hefði hann þar af leiðandi átt að óska eftir því við forsætisráðherra að forseti Íslands skipaði annan ráðherra í ríkisstjórninni til þess að fara með yfirstjórn lögreglunnar að því er varðaði þessa tilteknu rannsókn og eiga þau samtöl sem nauðsynleg þættu.

Setning ráðherra til meðferðar einstaks máls er vel þekkt eftir gildistöku stjórnsýslulaga fyrir tuttugu árum. Hún veikir ekki stöðu viðkomandi ráðherra, hvorki lagalega né pólitískt, en eyðir tortryggni.

Huldumaður sveiflar sverði

Hafi lögreglurannsóknin ekki leitt í ljós hver bar ábyrgð á því að skjalið umtalaða komst út úr ráðuneytinu þannig að hafið sé yfir allan vafa getur ríkissaksóknari ekki aðhafst. En málið er aftur á móti þannig vaxið að héðan af getur ráðherrann ekki sætt sig við að það sofni þannig án nokkurrar niðurstöðu.

Megi ganga út frá því sem vísu að öryggisreglur innanríkisráðuneytisins séu í lagi hefur skjalið varla komist til vandalausra án atbeina starfsmanns þess. Einhver hefur komið skjalinu út úr ráðuneytinu og til vitundar aðila sem ekki er bundinn af opinberum reglum um þagnarskyldu.

Hver sem þetta er þá er það svo að hann einn býr yfir þeirri vitneskju sem leyst getur ráðherrann úr klípunni. Þessi huldumaður er hinn raunverulegi ógnvaldur sem sveiflar sverðinu yfir höfði ráðherrans og sýnist gersamlega kæra sig kollóttan um pólitísk örlög hans.

Ráðherrann þarf einfaldlega að geta hreinsað alla starfsmenn ráðuneytisins eða dregið einhvern þeirra til ábyrgðar. Takist það ekki gæti þrengst um varnir hans sjálfs.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
DÆGURMÁL: Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*



SA
SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS

Að starfrækja náttúrufræðibraut

MENNTUN

Stefán G. Jónsson
eðlis- og stærðfræðingur og framhaldsskólakennari

Í upphafi júlímánaðar var birt skýrsla á vef menntamálaráðuneytisins um úttekt á stærðfræðikennslu í framhaldsskólum en athugaðir voru níu framhaldsskólar. Ákveðið var að horfa á nám nemenda á fyrstu önn (STÆ102/103 eða sambærilegt nám), nám í tölfræði (STÆ313 eða sambærilegt nám) og nám sambærilegt við STÆ503 sem er síðasti stærðfræðiáfangi á náttúrufræðibraut í mörgum skólum.

Skýrsla sem þessi verðskuldar athygli og umræður en hér er fjallað um mál sem tengist menntun í tæknisamfélagi. Helstu niðurstöður eru settar fram fremst í skýrslunni og þeim skipt í 16 liði og tillögum til úrbóta í 11 liði. Hægt væri að gera athugasemdir við einstök atriði skýrslunnar og sumar ályktanir í henni en ekki er unnt að taka nema lítið fyrir í stuttri blaðagrein. Hér eru því rædd vandamál sem tengjast náttúrufræðibrautum.

Munur á milli skóla

Í einni af niðurstöðunum skýrslunnar segir: „Mikill munur er á áföngum milli skóla bæði hvað snertir innihald og námskröfur.“ Í annarri þeirra segir: „Sumir framhaldsskólar útskrifa nemendur af náttúrufræðibraut með prófgráður sem standa ekki undir nafni. Hér er átt við að samkvæmt prófgráðunum ættu nemendurnir að hafa traustan grunn fyrir tiltekið háskólanám, en ráða í reynd illa við það sökum lélegs undirbúnings.“

Öllum ætti að vera ljóst að það er mjög alvarlegt ef prófgráður standa ekki undir nafni líkt og hér er sagt. Ekki kemur fram við hvaða skóla er átt en alls voru níu skólar til athugunar. Fjórir þessara skóla hafa yfir 1.000 nemendur en í aðeins einum þeirra eru færri en 500 nemendur, eða 257. Þetta eru því yfirleitt ekki smáskólar sem jafnan eiga erfiðara með að standa undir fjölbreyttu og vönduðu námi.

Menntun kennara

Í einni af tillögum til úrbóta segir: „Framhaldsskólar sem hafa ekki nægilega vel menntaða kennara í stærðfræði (og raungreinum) ættu ekki að bjóða upp á nám á náttúrufræðibraut nema í undantekningartilfellum og þá í nánu samstarfi við skóla sem hefur öfluga náttúrufræðibraut.“

Þegar skoðaðar eru upplýsingar í skýrslunni um menntun þeirra sem kenna stærðfræði vekur athygli sá fjöldi sem hefur lokið háskólanámi þar sem stærðfræði er óverulegur hluti af náminu. Einnig hve margir sem hafa menntað sig sem grunnskólakennarar með stærðfræðikjörsviði starfa í framhaldsskóla. Slíkt hlýtur að auka mjög á vandann í grunnskólum, þegar þeir best menntuðu í stærðfræði hverfa þaðan.

Þegar minnst er á raungreinar, sem hér er gert innan sviga, þarf að hafa í huga að jafnan er átt við fleiri námsgreinar eins og til dæmis eðlisfræði, efnafræði, líffræði og jarðfræði. Má því spyrja sig hvort ekki sé lágmark að kennarar slíkra greina hafi háskólapróf í grein sinni líkt og gengið er út frá að stærðfræðikennarar hafi. Svo má bæta við að það þarf tæki og ýmsan búnað til að kennsla náttúrufræðigreina sé viðunandi.

Þrír skólanna voru án kennara með háskólapróf í stærðfræði. Mjög líklegt er að ástandið til dæmis í eðlisfræði sé ekki mikið betra.

Vandi nemenda í raungreinanámi í háskóla

Í skýrslunni segir á bls. 51: „Hvort sem litið er til HÍ eða HR þá lendir a.m.k. helmingur þeirra sem byrja í verkfræðinámi í vandræðum með stærðfræði.“

Í skýrslunni kemur einnig fram að rætt hafi verið við Hilmar Braga Janusson, sviðsforseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs HÍ, og Guðrúnu A. Sævarsdóttur, deildarforseta Tækni- og verkfræðideildar HR. Í skýrslunni segir: „Bæði sögðu þau að ekki stæði til að minnka námskröfur í stærðfræði.“ Er sú afstaða mjög skiljanleg því þeir sem kenna á efsta skólastigi eiga þess ekki kost að velta vandamálunum áfram á aðra, en þurfa auk þess að standast alþjóðlegan samanburð.

Hvað ætti að gera?

Í viðtali við menntamálaráðherra þegar skýrslan var birt segir hann: „Þetta er mjög alvarlegt mál. Háskólinn á ekki að þurfa að eyða tíma í að kenna það sem á að lærast í framhaldsskólum.“ Þetta er auðvitað rökrétt en líklegt er að þeir sem nú undirbúa nemendur sem best muni lenda í verulegum vanda ef framhaldsskólinn verður styttur.

➜ Eðlilegt er að gera án tafar athugun á því hvaða skólar geta boðið upp á náttúrufræðibraut með sómasamlegum hætti. Gerðar verði ráðstafanir til að styðja sérstaklega við þá sem ekki uppfylla þau skilyrði en gætu það án meiriháttar lagfæringa.

Eðlilegt er að gera án tafar athugun á því hvaða skólar geta boðið upp á náttúrufræðibraut með sómasamlegum hætti. Gerðar verði ráðstafanir til að styðja sérstaklega við þá sem ekki uppfylla þau skilyrði en gætu það án meiriháttar lagfæringa. Viðurkenna þarf svo að lokum að sumir skólar eiga alls ekki heima í þessum hópi. Ef haldið er áfram sem horfir þá er það svik við þá nemendur sem stunda nám í fleiri ár í þeirri trú að það dugi til framhalds en hrökklast svo frá háskólanámi sem hugur þeirra stóð til eins og mörg dæmi munu vera um.

Sveitarfélögin axli meiri ábyrgð

HEILBRIGÐISMÁL

Ingimar Einarsson
félags- og stjórnmálafræðingur

Ísland sker sig úr hópi norrænu ríkjanna m.t.t. þess að hér eru heilbrigðismál að stærstum hluta verkefni ríkisins. Annars staðar á Norðurlöndum er þessi málaflokkur aðallega á hendi sveitarfélaga og svæðisstjórna. Hér á landi telur hluti landsmanna að bæði fagleg og fjárhagsleg rök styðji að fyrirkomulag heilbrigðisþjónustu sé með öðrum hætti en í nágrannalöndunum. Aðrir álíta að valddreifing í heilbrigðisþjónustu sé nauðsynleg til að leysa úr læðingi frumkvæði og framþróun. Þessi sjónarmið takast sífellt á en síðustu áratugina hefur miðstýringin haft yfirhöndina og ekki virðist mikilla breytinga að vænta í náinni framtíð.

Það vekur jafnframt athygli að þrátt fyrir sameiningar sjúkrahúsa og aðrar breytingar á heilbrigðisþjónustu í grannríkjunum er heilsugæslu að mestu haldið uppi af sjálfstætt starfandi heimilislæknum. Þeir eru áfram hliðverðir heilbrigðiskerfisins. Í öllum þessum löndum er mikil ánægja meðal almennings, starfsmanna og stjórnvalda með heilbrigðisþjónustuna. Gæði, öryggi og mönnun er í góðu lagi. Allir eru sammála um að heilbrigðismál, og þá sérstaklega heilsugæsla, hljóti að teljast til nærþjónustu sem eðlilega sé á ábyrgð sveitarfélaga og héraðsstjórna. Á Íslandi blása aðrir vindar.

Vindar sameiningar

Þann 9. júlí sl. gaf heilbrigðisráðherra út reglugerð um frekari sameiningu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni frá og með 1. október nk. og nær hún nú til heilbrigðisþjónustu á Vestfjörðum, Norðurlandi og Suðurlandi. Þetta er endapunktur á ferli sem hófst í ársbyrjun 1999 með sameiningu allra heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa á Austfjörðum í eina heilbrigðisstofnun, Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA). Þar á eftir fylgdu Suðurnes, Höfuðborgarsvæðið og Vesturland. Fyrirhuguðum sameiningum var frestað í lok síðasta árs við afgreiðslu fjárlaga fyrir 2014 og var það gert í því skyni að hafa frekara samráð við heimamenn. Ekki er þó að sjá að heilbrigðisyfirvöld og einstök sveitarfélög hafi, það sem af er þessu ári, talað mikið saman eða lagt mikla vinnu í að útfæra og ná samstöðu um hugmyndir sínar um framtíðarskipan heilbrigðismála á landsbyggðinni.

Nærþjónusta

Yfirstandandi breytingar eru eftir sem áður á skjön við þau áform sem uppi voru um miðjan tíunda áratug síðustu aldar um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga, sbr. lög nr. 87/1994 um reynslusveitarfélög. Í framhaldi af þeirri lagasetningu var samið við tvö sveitarfélög, Hornafjarðarbæ og Akureyri, um að taka að sér heilsugæslu og öldrunarmál og samþætta þá starfsemi félagslegri þjónustu þessara sveitarfélaga. Hugmyndin var sú að afla reynslu af þessu fyrirkomulagi og leggja hana til grundvallar ákvörðunum um almennan flutning verkefna til sveitarfélaganna. Yfirtaka og samþætting fyrrgreindra málaflokka tókst mjög vel og stuðlaði m.a. að því að tekið hefur verið heildstætt á málefnum einstakra öryrkja, atvinnulausra og fólks með félagsleg vandamál. Þetta, og margt annað, reyndist auðveldara eftir að heilsugæslan var orðin hluti af þjónustu og stjórnsýslu þessara bæjarfélaga. Heilbrigðisyfirvöld voru samt ekki tilbúin að stíga skrefið til fulls.

Heildarsýn

Vandi íslenska heilbrigðiskerfisins er margþættur og snýr ekki aðeins að sameiningu heilbrigðisstofnana í þremur heilbrigðisumdæmum. Heilbrigðisþjónustan stendur frammi fyrir risavöxnum viðfangsefnum sem erfitt verður að leysa án aukinna fjárveitinga, tækja- og tæknivæðingar og byggingar nútímalegs háskólasjúkrahúss. Ekki verður heldur gengið fram hjá heilsugæslunni ef tryggja á nægjanlega góða lýðheilsu til framtíðar. Þau skoðanaskipti sem átt hafa sér stað milli heilbrigðisráðherra og sveitarstjórnarmanna að undanförnu eru því miður aðeins ein birtingarmynd þess að hvorki liggur fyrir skýr framtíðarsýn né áætlun um hvernig ná megi mikilvægum markmiðum í heilbrigðismálum.

Efling heilbrigðiskerfisins er ekki aðeins spurning um forgangsröðun málaflokka. Öflugt heilbrigðis- og velferðarkerfi verður að byggja á traustum efnahagslegum grundvelli og aukinni verðmætasköpun í þjóðfélaginu. Sömuleiðis er brýnt að ráðist verði í endurskoðun á stjórnskipulagi heilbrigðismála og farið sérstaklega yfir hvernig sveitarfélög geti eins og annars staðar á Norðurlöndum staðið undir heilbrigðisþjónustu í heimabyggð. Til þess að auðvelda það verk er mikilvægt að sveitarstjórnarstiginu verði markaðir sérstakir tekjustofnar. Þannig geta sveitarstjórnir tekið sér aukið vald og borið aukna ábyrgð sem væri bæði til hagsbóta fyrir sjúklinginn og heilbrigðiskerfið. Ef ekkert verður að gert mun heilbrigðisþjónustan áfram verða í fjötrum miðstýringar um ókomna tíð.

➜ Þannig geta sveitarstjórnir tekið sér aukið vald og borið aukna ábyrgð sem væri bæði til hagsbóta fyrir sjúklinginn og heilbrigðiskerfið.

Til hamingju með daginn!

SAMFÉLAG

Hanna Birna Kristjánsdóttir
innanríkisráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins

Ein birtingarmynd þess að búa í góðu, frjálsu og umburðarlyndu samfélagi er sá miklu fjöldi sem árlega tekur þátt í gleðigöngunni, sem í dag mun setja fallegan svip á miðborgina. Þar koma saman samkynhneigðir, tvíkynhneigðir og transfólk með fjölskyldum sínum, vinum og stuðningsmönnum til að fagna fjölbreytileikanum og minna á jöfn tækifæri og réttindi allra.

Við Íslendingar getum verið afar stolt af því að búa í samfélagi sem virðir einstaklinga, óháð kynhneigð. Nær daglega lesum við um ofsóknir á hendur samkynhneigðum víða um heim, jafnvel ofsóknir og árásir sem ógna lífi einstaklinganna. Hér á landi fögnum við því hins vegar hversu miklum árangri hefur verið náð í réttindabaráttu samkynhneigðra. Baráttan hér á landi hefur staðið í áratugi. Hún hefur verið málefnaleg, uppbyggileg og drifin áfram af hugrökkum einstaklingum sem hafa aldrei gefist upp á því að berjast fyrir því sem er rétt. Árangurinn sem náðst hefur hér á landi hefur vakið athygli langt út fyrir landsteinana og er Ísland að verða ákveðin fyrirmynd annarra þjóða í réttindum og viðhorfi til samkynhneigðra.

Þessi fyrirmyndarbarátta samkynhneigðra hefur ekki einungis leitt til aukinna réttinda og tækifæra samkynhneigðra, heldur einnig jákvæðra breytinga á hugarfari samfélagsins alls. Réttindi einstaklinga eru nefnilega ekki aðeins fólgin í réttindum sem bundin eru í lög og reglur, heldur einnig í hugarfari og viðhorfi samfélaga. Réttindabarátta samkynhneigðra hefur þannig líka haft mikil og jákvæð áhrif á okkur öll. Samfélagið allt er þannig frjálslyndara og umburðarlyndara vegna baráttu samkynhneigðra fyrir betri heimi. Fyrir það ber að þakka ekki síst með því að halda samstöðunni og baráttunni fyrir jöfnum rétti allra áfram.

Því segi ég við alla – og sérstaklega þá sem í dag sækja gleðigöngunna til að fagna fjölbreytileikanum: Til hamingju með daginn!

➜ Þessi fyrirmyndarbarátta samkynhneigðra hefur ekki einungis leitt til aukinna réttinda og tækifæra samkynhneigðra, heldur einnig jákvæðra breytinga á hugarfari samfélagsins alls.

AF NETINU

Aðförin að ráðherra

Ég lýsi yfir fullum stuðningi við ákvarðanir Hönnu Birnu Kristjánsdóttur í þessu máli og við hana persónulega. Ekkert hefur hingað til komið fram sem bendir til þess að hún hafi brotið lög eða brugðist embættisskyldum sínum.
Engin grunur er um að Hanna Birna hafi sjálf lekið gögnum og það er fáránlegt að ætlast til þess að ráðherra segi af sér ef grunur leikur á um að einhver starfsmaður hafi gerst brotlegur.
Allt tal um að ráðherra hafi beitt lögreglustjóra þrýstingi hefur verið borið til baka af lögreglustjóranum sjálfum. Lögregla hefur lokið rannsókn og sent það til ríkissaksóknara. Velji hún að sitja áfram í stóli ráðherra þrátt fyrir aðförina þá treysti ég henni til þess.

http://www.ellidi.is

Elliði Vignisson bæjarstjóri.

Vinátta forsetanna

Það virðist sem Rússar ætli að halda áfram að kaupa fisk af Íslandi. Það kann að vera vegna þess að Ísland er smátt og skiptir litlu máli í hnattrænu samhengi, en það gæti líka tengst norðurslóðum – og jafnvel vináttu forseta Íslands við Pútín og hans menn. Ólafur Ragnar er hvatamaður félagsskapar sem heitir Arctic Circle. Næst fundur hans er á Íslandi í október. Meðal stjórnarmanna er sérstakur vinur Pútíns, Artur Chillingarov, sá sami og stýrði leiðangri kafbáts sem kom fyrir rússneskum fána á hafsbotninum undir Norðurpólnum 2007. Chillingarov er eindreginn útþenslumaður og fullyrti við það tækifæri – Rússar eru einmitt að auka mjög hernaðarumsvif sín í Norður-Íshafinu.

http://www.eyjan.pressan.is/silfuregils

Egill Helgason

Kveiktu ljós

LITTLE SUN er hannað af Ólafi Elíassyni í samstarfi við verkfræðinginn Frederik Ottesen til að gefa sem flestum kost á vistvænum ljósgjafa.

Rúmlega einn og hálfur milljarður manna um allan heim lifir án raflýsingar. **LITTLE SUN** er LED-ljós með öflugri sólarrafhlöðu sem er þróað til að veita órafvæddum samfélögum aðgang að hreinum og áreiðanlegum ljósgjafa á viðráðanlegu verði.

POP-UP Á LÆKJAR-TORGI

Þegar þú kaupir **LITTLE SUN**-ljósið niðurgreiðir þú sams konar ljós fyrir íbúa svæða utan rafveitu. Lýstu upp tilveruna og fjárfestu í hönnun eftir Ólaf Elíasson. **LITTLE SUN** eru seld í sölutúrninum á Lækjartorgi í ágúst.

littlesun.com **littlesunpopupshop**

GAMMA **er styrktaraðili LITTLE SUN á Íslandi.**

LJÓSMYND: LILJA BIRGISDÓTTIR | JÓNSSON & LE'MACKS | SÍA

HELGIN

Langar upp í sveit

Egill Helgason, sjónvarpsmaður

„Mig langar að fara upp í sveit, er meira að segja boðinn í brúðkaup fyrir vestan, en ég er hræddur um að ég komist ekki. Konan mín verður að vinna og líklega ég eitthvað líka – og sonurinn æfir sig á píanó.“

Gleðiganga og kaffihús

Mist Edvardsdóttir knattspyrnukona

„Það er helgarfrí í boltanum og því tilvalið að gera eitthvað skemmtilegt við helgina. Í dag ætla ég að skella mér í Gleðigönguna og á kaffihúsarölt með vinkonunum. Sunnudagurinn fer svo í hreyfingu og rólegheit.“

Sýning kærastans

Hrund Þórsdóttir, fréttakona

„Í dag opnar kærastinn minn sína fyrstu einkasýningu á ljósmyndum. Svo væri gaman að kíkja á Gleðigönguna sem mér finnst alltaf sannkölluð gleðisprauta. Um kvöldið ætlum við út að borða en sunnudagurinn fer líklega bara í afslöppun.“

Sér góða leikara

Tyrfingur Tyrfingsson, leikskáld

„Ég er á Act Alone, eða Actinu eins og menn kalla það, á Suðureyri. Voða margir eru komnir hingað til að komast á séns en ég ætla að sjá góða leikara gera vel.“

FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...

Á TÓNLEIKA Í NORRÆNA HÚSINU klukkan 12 þar sem Kristjana Stefánsdóttir söngkona og Daði Birgisson píanóleikari munu syngja og leika á sérstökum Regnboga-pikknikktónleikum. Tilvalin upphitun fyrir Gleðigönguna.

Á ALLT SEM ÞÚ NÆRÐ Í með gleðigjafanum Páli Óskari. Ekkert kemur fólki í meira Gay Pride-stuð en dásamlega diskómúsíkin hans Palla.

BÓKINA UM ELÍAS MAR eftir Hjálmar Sveinsson. Bókin byggir að hluta til á viðtölum við Elías og fjallar meðal annars um æsku hans í Reykjavík á þeim árum þegar samkynhneigð var feluleikur.

Á HINA SÍGILDU MYND Birdcage með Nathan Lane og Robin Williams. Gleði kemst ekki einu sinni nálægt því að lýsa þeim hughrifum sem sú mynd vekur.

ÁHORFENDUR Í PÚSUNDATALI Gleðigangan hefur vaxið hratt síðustu ár og nú missir enginn af henni ógrátandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

STEMNING Gleðiganga Hinsegin daga er hápunktur daganna og leggja þátttakendur sig alla fram um að gera atriði sín sem veglegust. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Staðfesta tilveru sína í gleði

Gleðiganga Hinsegin daga verður farin í dag frá Vatnsmýrarvegi. Fjölmörg atriði úr hinum ýmsu áttum gæða hana lífi en í henni staðfestir hinsegin fólk tilveru sína, sýnileika og gleði.

Gleðigangan, hápunktur Hinsegin daga, heldur af stað frá Vatnsmýrarvegi klukkan 14.00 í dag, laugardag. Hún endar á Arnarhóli þar sem taka við skemmtiatriði frá íslenskum listamönnum.

Hinsegin dagar standa á bak við skipulagningu göngunnar en þátttakendur koma úr ýmsum hópum hinsegin samfélagsins. Gangan er farin í mikilli gleði og gríðarlegt fjör einkennir hana alla jafna. Hvert atriði miðlar einhverjum skilaboðum sem varða veruleika hinsegin fólks á einhvern hátt og er mikið lagt upp úr því að vandað sé til verka varðandi skreytingar, búninga og útsetningu. Besta atriðið er heiðrað eftir hátíðina og fær hvatningarverðlaun og fjárstyrk. nanna@frettabladid.is

Viðburðir á vegum Hinsegin daga

Fjölbreytt dagskrá er fyrir alla aldurshópa um helgina.

Laugardagurinn 9. ágúst

20.00 Ungmennapartí Samtakanna ´78

Samtökin ´78 bjóða í annað sinn í ár ungmennum undir 20 ára aldri í skemmtun í Regnbogasal samtakanna að Laugavegi. Í salnum verða sett upp flott hljóð- og ljósakerfi í eitt kvöld og verður plötusnúður til að skemmta ungmennunum frá 21.00 til miðnættis.

23.00 Pride-ball

Lifandi tónlist, skemmtiatriði og landslið hinsegin plötusnúða gera Pride-ball ársins að stuðviðburði helgarinnar. Ballið verður haldið á Rúbín og fríar sætaferðir verða í boði Reykjavík Excursions frá biðskýli Kynnisferða við Lækjartorg á 20 mínútna fresti.

Sunnudagurinn 10. ágúst

11.30-17.00 Regnbogahátíð fjölskyldunnar

Vel verður tekið á móti hinsegin fjölskyldum í Viðey daginn eftir Gleðigönguna.

Hinsegin tilboð verða í ferjuna sem siglir frá Skarfabakka á klukkustundarfresti, regnbogaveitingar í boði og samverustund og leikir undir umsjón Félags hinsegin foreldra.

18.00 Heimildarmyndin Stonewall Uprising

Sýning á heimildarmyndinni Stonewall Uprising verður í boði sendiráðs Bandaríkjanna í bíó Paradís. Myndin fjallar um einstaka viðburði sem höfðu djúpstæð áhrif á mannréttindabaráttu hinsegin fólks á heimsvísu.

21.00 Leiksýningin Beckett in the raw

Tinna Kristjánsdóttir leikkona sýnir þrjú örleikrit eftir Samuel Beckett í yfirgefinni mjólverksmiðju, Marshall-húsinu, við HB Granda á Grandagarði. Sýningin tekur um það bil klukkustund.

GÖTULOKANIR Á LEIÐ GLEÐIGÖNGUNNAR



Lækjargata lokuð til suðurs milli Geirsgötu og Hafnarstrætis frá 6.00 - 20.00. Lækjargata verður lokuð til norðurs frá 12.00 - 17.00.

ÍSLENSKA SÍA IS ICE 70116 08/14

VILDARBÖRN ICELANDAIR

FERÐASTYRKIR VILDARBARNA ICELANDAIR: UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 1. SEPTEMBER

Styrkir verða veittir til barna á aldrinum 6–16 ára
Úthlutað verður úr sjóðnum fyrsta vetrardag, 25. október 2014.
Umsækjendur sem hafa ekki fengið úthlutað úr sjóðnum áður ganga fyrir.
Umsóknareyðublöð eru á www.vildarborn.is

Leggðu þitt af mörkum til Vildarbarna með Icelandair
Farðu á vildarborn.is og sjáðu hvernig þú getur hjálpað börnum að fara í draumaferðina sína.

+ **Umsóknareyðublöð eru á www.vildarborn.is**

Vildarbörn Icelandair

Vertu með okkur

ICELANDAIR

Það er ekkert til sem heitir eðlilegt fjölskyldumynstur

Þau **Sigríður Birna Valsdóttir** og **Hilmar Magnússon** hafa verið perluvinir í níu ár. Fyrir sex árum ákváðu þau að eignast barn saman og fyrir fimmtán mánuðum fæddist augasteinninn Kári Valur. Sigríður er í sambúð með Faye Rickett svo hann á tvær mæður og einn föður með sameiginlegt forræði. Þau eru öll mjög samhent og líta á sig sem eina fjölskyldu.

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is

SIGGA, HILMAR OG KÁRI VALUR Það leynir sér ekki hver það sem er sem ræður í þessari fjölskyldu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Það er hamingjusöm fjölskylda sem bregður á leik á Miklatúninu einn sólarmorgun í vikunni. Hilmar Magnússon og Sigríður Birna Valsdóttir snúast í kringum soninn, Kára Val, sem er fimmtán mánaða hjartaknúsari sem þau sjá ekki sólina fyrir, frekar en aðrir foreldrar. Það sem er óvenjulegt við þessa fjölskyldu er að Sigga Birna, eins og hún er kölluð, og Hilmar hafa aldrei verið par, enda bæði samkynhneigð, og Sigga er í sambúð með Faye Rickett sem þar af leiðandi er einnig móðir Kára Vals, hún er hins vegar erlendis og fjarri góðu gamni þennan dag. Þau blása á að það sé eitthvað flókið við þetta fjölskyldumynstur.

Sigga: „Á ekki annað hvert barn á Íslandi tvær mömmur eða tvo pabba eða hvort tveggja? Það er enginn að pæla í því lengur.“

Sigga og Hilmar hafa þekkst í níu ár og urðu fljótt perluvinir. Fyrir sex árum tóku þau þá ákvörðun að eignast saman barn en það tók fimm ár.

Sigga: „Ég hafði alltaf hugsað mér að eignast barn þótt ég vissi ekki alveg hvernig fyrr en við Hilmar ákváðum að gera þetta saman. Það er hins vegar ekkert gefið að maður geti eignast barn strax þannig að það þurfti margar tilraunir áður en það tókst. Það er mjög misjafnt hvaða leiðir lesbíur fara til að eignast börn, margar þeirra hafa farið þá leið að nota sæðisgjafa. Ég virði það og það er mjög mikilvægt að það sé hægt að velja þá leið. Margar yndislegar fjölskyldur hafa orðið til þannig, en það hentaði mér ekki vegna þess að mig langaði að deila þessu hlutverki með einhverjum öðrum og hafa fleiri í lífi barnsins. En ég vil ítreka það að okkar leið er ekkert réttari en aðrar, þetta er bara ein leið af mörgum til að skapa fjölskyldu.“

Búinn að afskrifa barneignir

Hilmar: „Við vorum bæði einhleyp þegar við tókum þessa ákvörðun og ég var eiginlega búinn að afskrifa það að eignast börn. En þegar Sigga fór að tala um að við gerðum þetta saman þá fannst mér það alveg kjörið. Þegar ég kom út úr skápnum fyrir bráðum tuttugu árum þá var viðkvæðið alltaf: Já, frábært, en samt leiðinlegt að þú getir aldrei eignast börn. Maður hélt bara að það væri ekkert inni í myndinni.“

Sigga: „Nokkrum mánuðum eftir að við ákváðum þetta kynntist ég Faye og hún tók þátt í öllu ferlinu. Löggjöfin er þó ennþá þannig að barn getur einungis átt tvo lögformlega foreldra þannig að hún er ekki skráð móðir hans, þótt hún sé það auðvitað.“

Hilmar: „Þetta er eitt af því sem Samtökin ’78 eru að skoða. Það er búið að breyta löggjöfinni í Belgíu og fleiri löndum á þann veg að lögforeldrar geti verið fleiri og vonandi kemur að því hér líka. Það myndi gagnast miklu fleirum en samkynhneigðum því fjölskyldumynstur hafa breyst svo mikið og það er ekkert óalgengt að barn alist upp með þremur til fjórum foreldrum svo það er augljóst að lögin eru ekki í samræmi við raunveruleikann í þessu efni.“

Sigga: „Þótt Faye sé réttlaus sem móðir gagnvart lögunum þá hef ég engar áhyggjur af því, ég veit að þau Hilmar myndu koma sér saman um fyrirkomulag ef eitthvað kæmi fyrir mig. Við erum öll mjög góðir vinir, sem er oft ekki tilfellið þegar fólk hefur skilið, og engin vandamál hafa komið upp.“

Hilmar: „Sumir hafa sagt að svona fyrirkomulag sé eins og hjá skilnaðarbörnum „without the hard feelings“. Það er auðvitað einföldun en það hafa aldrei komið upp nein vandamál hjá okkur. Eðlilega hefur Kári Valur hingað til verið mest hjá mæðrum sínum enda svo lítill en við erum búin að ganga frá sameiginlegu forræði hjá sýslumanni og hann er farinn að vera meira hjá mér seinustu mánuðina og verður hjá mér helminginn af tímanum í framtíðinni.“

Vá, hvað hann er ríkur

Hilmar er frá Ísafirði og Sigga Birna ólst upp í Neskaupstað frá fjögurra til sautján ára aldurs. Þau segjast hvorugt hafa þekkt neitt samkynhneigt fólk þegar þau voru að alast upp og ekki komið út úr skápnum fyrr en þau voru flutt suður. Er erfiðara að koma út í litlum samfélögum?

Hilmar: „Ég flutti frá Ísafirði þegar ég var 21 árs, um það bil sem ég kom út. Það var ekkert rosalegur stuðningur fyrir vestan en ekki andstaða heldur, það var eiginlega bara þögn. Það var bara ekkert talað um þessi mál og það litla sem maður heyrði var yfirleitt neikvætt. Á þeim tíma var það mikill léttir að komast frá Ísafirði og ég held það sé enn þá yfirleitt þyngri róður fyrir fólk úti á landi að koma út úr skápnum. Hinsegin fólk hefur yfirleitt alltaf leitað í borgarsamfélög þar sem við erum ekkert það mörg og því stærra sem samfélagið er, þeim mun líklegra er að þú finnir umgangskreðs sem þú passar inn í.“

Sigga: „Þetta er samt að breytast. Samkynhneigt fólk er að flytja út á land með fjölskyldur sínar, reyndar aðallega konur með börn, og ég veit ekki til þess að þessar fjölskyldur hafi lent í neinum vandræðum. Yfirleitt eru þessi samfélög alveg frábær. Ég held það sé bara mjög gott að búa á Íslandi ef þú ert samkynhneigður. En auðvitað vitum við það að baráttunni er ekki lokið. Það kemur stundum skrítinn svipur á fólk þegar maður segir að Kári Valur eigi tvær mömmur og einn pabba. Það eru ekki beint fordóm- ▸

60% afsláttur
af öllum barnafötum

Peysa
0-8 ára
Áður 2.490 kr
Nú 996

Buxur
0-8 ára
Áður 1.990 kr
Nú 796

Náttgalli
0-4 ára
Áður 2.890 kr
Nú 1.156

Peysa
0-8 ára
Áður 2.490 kr
Nú 996

Pils
0-7 ára
Áður 1.990 kr
Nú 796

Íslensk hönnun
100% bómull

30-50%
af öllum
barnaverum

Stærð 70x100
Stærð 100x140
25 tegundir



ÚTSALAN ER HAFIN

25-60% afsláttur

30-50%
af öllum
barnavörum

Hettuhandklæði
Áður 3.990 kr
Nú 2.990 kr

25-50%
af öllum
rúmfötum

Sendum frítt
úr vefverslun
lindesign.is

30% afsláttur
af eldhúsvörum

30%
af öllum
dúnsængum

Stærðir
140x200
100x140
70x100

50%
af öllum
handklæðum

Stærðir
70x140
50x90
30x30

40% afsláttur
af öllum púðum

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri Sími 533 2220 www.lindesign.is

ar heldur meira bara þekkingarleysi og svo auðvitað þessi ægilega forvitni, að fá að vita hvernig hann varð til. Maður fær stundum alveg nóg af henni.“

Hilmar: „Þeir sem hafa fordóma eða einhverja andúð fara strax í stellingar: Ha? Tvær mæður? Bíddu, er það ekki líffræðilega ómögulegt? Og eru þar með að gengisfella hugtakið foreldri. Þegar ég tók við formennsku í samtökunum ’78 fór ég í viðtal við DV þar sem ég kom inn á þetta og þar var mikið kommenterað um að þetta væri nú eitthvað skrítið og þyrfti að útskýra betur. Ég viðurkenni að stundum pirrast maður en ég hef ákveðið að setja sjálfan mig í það hlutverk að fræða frekar en pirrast, það er bara þegar þetta verður persónulegt sem maður verður þreyttur á þessu. Einhver Facebook-vinkona mín sem ég þekki varla nokkuð vatt sér til dæmis að mér úti á götu og spurði hvernig við hefðum gert þetta. Þessi framhleypni getur orðið alveg ótrúleg.“

Sigga: „Algengustu viðbrögðin eru samt: Vá, hvað hann er ríkur!“

Fjölskyldur eru alls konar

Hilmar er alþjóðafulltrúi hjá Reykjavíkurborg og formaður Samtakanna ’78 og Sigga Birna er fjölskyldu- og leiklistarmeðferðarfræðingur og kennari að mennt, kennir leiklist við Hagaskóla, er ráðgjafi hjá Samtökunum ´78 og sjálfstætt starfandi meðferðarfræðingur. Faye er ensk og þær Sigga Birna eiga heimili bæði á Íslandi og Englandi auk þess að dveljast öll sumur á Grikklandi þar sem Faye sinnir ferðaþjónustu. Kári Valur á því í raun fjögur heimili í þremur löndum og er orðinn ansi ferðavanur því hann hefur farið fjórtán sinnum í flug á sinni fimmtán mánaða ævi. Foreldrar hans segjast enda vera miklar flökkukindur og sammála um að tilkoma hans eigi ekki að breyta neinu um það. Sigga: „Það skýrist auðvitað að hluta til af því að önnur móðir hans er erlend og hann á stóra fjölskyldu á Englandi líka. Svo er samfélagið sem við búum í á Grikklandi eins og ein stór fjölskylda. Auk þess á hann fjölskyldumeðlimi og ættingja út um allt Ísland, bæði blóðskylda og ekki skylda. Fjölskylda er nefnilega ekkert endilega bara þeir sem eru blóðskyldir, það er misskilningur.“

Sigga: „Ég hef eiginlega meiri áhyggjur af því að hann verði sjálfstæðismaður!“

Hilmar: „Minn stærsti ótti í þessu sambandi er að hann verði fótboltamaður.“

Hilmar: „Aðalatriðið er auðvitað að barnið fái ást og umhyggju. Fjölskyldumynstur er algjört aukaatriði.“

Sigga: „Það er ekki til nein rétt tegund af fjölskyldu. Fólk sem vinnur í skólakerfinu þekkir það að vera með tíu börn og engin tvö eiga eins fjölskyldu.“

Ekki sjálfstæðismaður!

Í allri þeirri umræðu sem átt hefur sér stað um ættleiðingar samkynhneigðra hefur oft verið velt upp þeirri spurningu hvort samkynhneigð sé genetísk. Hilmar og Sigga Birna eru sammála um að sú umræða sé orðin ansi þreytt, enda sé ekkert sem bendi til þess að börn sem eiga eða alast upp hjá samkynhneigðum foreldrum séu frekar samkynhneigð en önnur börn.“

Hilmar: „Þessi umræða er mjög viðkvæm, aðallega vegna þess að hún er notuð af mörgum til að sanna tilvistarrétt sinn. En mér persónulega finnst þetta frekar óáhugaverð umræða og þessi spurning ekki

GLEÐI OG GAMAN Það er aldrei lognmolla í kringum fjörkálfinn Kára Val, foreldrunum til óblandinnar ánægju.

FRÉTTBLAÐIÐ/DANÍEL

Subway kynnir bát dagsins.

7 mismunandi bátar alla daga vikunnar, allan ágúst á 549 kr.

BÁTUR DAGSINS

Gildir eingöngu fyrir 6 tommu bát. Gildir ekki með öðrum tilboðum eða afslattarkjörum.

skipta neinu máli. Flest samkynhneigt fólk er fætt af gagnkynhneigðu fólki og ætti þá samkvæmt þessu að vera gagnkynhneigt.“

Sigga: „Það er mjög mikilvægt að það komi fram að börn verða ekki samkynhneigð af því að eiga samkynhneigða foreldra. Það er innihaldslaus klisja.“

Hilmar: „Og þó hann yrði samkynhneigður þá er það líka bara allt í lagi. Það skiptir okkur engu máli. Við ræddum líka þann möguleika að barnið myndi fæðast með Down's-heilkenni eða eitthvað slíkt og vorum alveg tilbúin að taka því. Það var aldrei spurning. Það kemur ekkert í veg fyrir að þú elskir barnið þitt.“

Sigga: „Ég hef eiginlega meiri áhyggjur af því að hann verði sjálfstæðismaður!“

Hilmar: „Minn stærsti ótti í þessu sambandi er að hann verði fótboltamaður, ég hef svo innilega lítinn áhuga á fótbolta, en að sjálfsögðu mun ég styðja hann í öllu því sem hann langar að gera. Ég á reyndar líka mjög erfitt með að sjá Siggu fyrir mér í hlutverki fótboltamömmunnar.“

Sigga: „Ég líka. En hin mamma hans hefur áhuga á boltaíþróttum og er meira í sportuppeldinu. Reyndar vorum við alveg viss um að hann væri stelpa fyrst á meðgöngunni og þegar við fengum að vita að þetta væri strákur voru viðbrögðin hjá mér og Hilmari eiginlega: Hvað eigum við að gera við strák? En að sjálfsögðu skiptir það engu máli, strákar og stelpur eiga ekki að fá mismunandi uppeldi að mínu mati, það sem skiptir máli er að börn fái uppeldi sem hentar þeirra persónuleika. Ég hef mikið verið að vinna með transfólki og það hefur vakið mig til umhugsunar um hvað samfélagið er fullt af stelpu- og strákadóti, flestar búðir sem selja barnavörur skipta þeim upp í strákavörur og stelpuvörur strax frá fæðingu, ég versla hiklaust í „stelpudeildinni“ enda oft fallegri og litríkari vörur þar. Við klæðum hann í rautt og bleikt án þess að vera neitt að pæla í hvort það sé stráka- eða stelpulegt.“

SIGGA BIRNA OG FAYE Með augasteininn á eyjunni Lesvos á Grikklandi.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Hilmar: „Það er skemmtilegast að sjá viðbrögðin hjá fólki þegar hann er kannski í bleikum buxum og fólk spyr hvað hún sé gömul og maður svarar að HANN sé fimmtán mánaða. Fólk fer gjörsamlega í fát og heldur að það hafi móðgað mann svakalega. En mér er alveg sama hvort fólk heldur að hann sé strákur eða stelpa. Hann er fyrst og fremst manneskja.“

Deila gildum og lífssýn

Þau Hilmar og Sigga segjast vera mjög samhent í uppeldinu, enda hafi þau svipuð gildi og áherslur. Það hafi aldrei komið til greina að setja hvort öðru skilyrði.

Sigga: „Eina skilyrðið sem Hilmar setti þegar við byrjuðum að ræða barneignir var að barnið yrði ekki skírt.“

Hilmar: „Auðvitað erum við ólíkar persónur, Faye, Sigga og ég, en við höfum þekkst mjög lengi og deilum gildum og lífssýn. Við renndum ekkert blint í sjóinn með það.“

Sigga: „Það sem er svo frábært er hvað við erum samt ólík. Þótt við séum hundrað prósent sammála um allt sem í rauninni skiptir máli í uppeldinu þá erum við að öðru leyti mjög ólík. Kári Valur fær mismunandi hluti frá hverju okkar og stórgræðir auðvitað á því.“

Spurð hvort þau séu kannski að hugsa um að eignast annað barn líta þau hvort á annað og skella upp úr.

Sigga: „Ja, við höfum reyndar rætt það, aðallega til að Kári Valur eignist systkini, en það tók fimm ár að eignast hann og ekkert gefið að það tækist þótt við reyndum. Það er nefnilega ekkert sjálfsagt að eignast barn. Það er mikil gjöf að þetta hafi tekist – og svona vel! Hann er mjög vel heppnað eintak, eins og öll börn eru auðvitað.“

HJARTAKNÚSARINN Kári Valur er töffari af guðs náð og veit af því.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

LAUGARDAGAR
Ítalskur BMT

Aðeins 549kr

FÖSTUDAGAR
Túnfiskbátur

LAUGARDAGAR
Ítalskur BMT

SUNNUDAGAR
Kjúklingabringa

SUBWAY®
Ferskleiki er okkar bragð.™

ÚTVÖRP
BÍLHÁTALARAR
BÍLMAGNARAR

RISAÚT

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDI

ALLT AÐ 75%

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
ÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
HRÆRIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL
FRYSTIKISTUR ÞURRKARAR
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN
OFNAR

NOKKUR VERÐDÆMI

Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti
Lítil heimilistæki í miklu úrvali með allt að 50% afslætti
Philips sjónvörp með allt að 250.000 kr. afslætti
Heimabíókerfi með allt að 38% afslætti
7kg þvottavélar frá 64.995 kr.
Ofnar og helluborð með allt að 50.000 kr. afslætti
Þráðlausir heimilissímar frá 2.995 kr.

TAKMARKAÐ MAGN

Fyrstur kemur – fyrstur fær!

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic

DVD SPILARAR SJÓNVÖRP FERÐATÆKI BÍLTÆKI
MP3 SPILARAR MAGNARAR
PRÁÐLAUSIR SÍMAR HLJÓMBORÐ
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR HEYRNARTÓL REIKNIVÉLAR

TSALA

R MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

AFSLÁTTUR

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR HELLUBORÐ
STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

Uppþvottavélar með allt að 60.000 kr. afslætti
Nikon myndavélar með allt að 38% afslætti
Heyrnartól í miklu úrvali með allt að 60% afslætti
185sm kæliskápar með frysti frá 74.995 kr.

Sjá allt úrvalið á ht.is

OPIÐ!

ALLA HELGINA
Á SUÐURLANDSBRAUT

LAUGARDAG 11-16
SUNNUDAG 13-17

Heimilistæki
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

wilfa Melissa Ariete elna VESTFROST exido MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO

tl.is

TÖLVU LISTINN

FARTÖLVUR FYRIR SKÓLANN

TOSHIBA

INTEL PENTIUM

Þessi hreinlega mokast út hjá okkur, enda ein bestu kaupin fyrir þá sem eru að leita að fartölvu fyrir hefðbundna tölvuvinnslu eins og netið og algeng forrit. Stílhrein og sterkbyggð með 500GB hörðum diski og sambyggðu Intel HD skjákorti.

69.990

TOS-C50B133

GLÓSUTÖLVAN

11,6"

Fullkomin fyrir skólann og glósurnar. Fislétt til að halda á og skemmtilega nett til að ferðast með hvert sem er. Kristaltær 11.6" LED HD skjár.

69.990

TOS-NB10A10V

HVÍT MEÐ AMD A6

15,6"

Kraftmikil blanda AMD A6 örgjörvans, Radeon HD8400 skjákortsins og 8GB vinnsluminnis. Glæsilega hvít og sterkbyggð. Stór 1TB gagnadiskur fyrir gögn og myndefni.

99.990

TOS-L50DB12K

SÚ BLEIKASTA

14"

Fallega bleik 14" og skemmtilega hönnuð Acer Aspire V5 með Intel i3 örgjörvanum, hljóðlátum 500GB hörðum diski og Intel HD skjákorti.

acer ACE-NXMB4ED012

89.990

STÓR 17,3" SKJÁR OG INTEL i3

17,3"

Frábær fartölva með Intel i3 örgjörva og stórum 17,3" HD+ skjá sem eykur vinnupláss umtalsvert frá hefðbundinni 15,6". Vandað 2GB nVidia GeForce GT820M skjákort.

ASUS ASU-F751LDVTY224H

129.990

0% VEXTIR
Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI

8 VERSLANIR UM ALLT LAND

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT

LAUGARDAG 11 - 16
SUNNUDAG 13 - 17

TOSHIBA

RAUÐ MEÐ QUAD CORE ÖRGJÖRVA

Jafnöflug og hún er flott. Sprækur fjögurra kjarna AMD A6 örgjörvi, 8GB vinnsluminni, Radeon R4 skjákort og risastór 1TB diskur fyrir öll gögnin. Styður Miracast til að varpa sjónvarpsefni þráðlaust milli tölvu og sjónvarps eða annarra tækja.

TOS-L50DB12J

99.990

INTEL i5

Ein bestu kaupin í ár. Kraftmikill Intel i5 Haswell örgjörvi, sem þolir þunga vinnslu og lengir rafhlöðuna í allt að 6 klukkutíma.

TOS-L50B1LE

99.990

13.3" SPJALDTÖLVA OG FARTÖLVA

Besta úr báðum heimum. Fislétt og meðfærileg sem fartölva en á sama tíma spjaldtölva með um 30% stærri skjá en stærstu spjaldtölvur eða 13.3". Fjögurra kjarna Intel Pentium og allt að 8.5 tíma rafhlöðuending.

TOS-L30WB10D

129.990

EINSTAKT VERÐ FYRIR INTEL i7

Ein öflugasta vélin fyrir peninginn. Kröftugur Intel i7 Haswell örgjörvi fyrir þunga og kröfuharða vinnslu ásamt 2GB AMD R7 M260 skjákorti fyrir betri grafík og leiki. Þunn, meðfærileg og með lengri rafhlöðuendingu vegna Haswell örgjörvans.

TOS-L50B1LF

139.990

DRAUMATÖLVA Í LEIKJASPILUN

15,6"

Ein öflugasta 15,6" tölvan frá Toshiba í ár. Glæsileg silfruð leikjafartölva með i7 Haswell og nýja 2GB AMD R9 265X leikjaskjákortinu. 6GB vinnsluminni og stór 1TB diskur. Full HD skjár og Harman Kardon hátalarar.

TOS-P50B103

179.990

REYKJAVÍK	AKUREYRI	HÚSAVÍK	EGILSSTAÐIR	KEFLAVÍK	SELFOSS	AKRANES	HAFNARFJÖRÐUR
SUÐURLANDSBRAUT 26	GLERÁRGÖTU 30	GARÐARSBRAUT 18A	KAUPVANGI 6	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	ÞJÓÐBRAUT 1	REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1700	Sími 414 1730	Sími 464 1600	Sími 414 1735	Sími 414 1740	Sími 414 1745	SÍMI 431 3333	Sími 414 1750

Þar er fjörusandurinn svartur

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Suðurland er ríkt að náttúru- og jarðfræðiminjum. Lómagnúpur er meðal hæstu standbjarga á Íslandi, Eldhraunið er hið stærsta úr einu gosi í veröldinni, Hekla hefur mótað umhverfi sitt og sótsvartar fjörurnar við suðurströndina eru brunasandur að hluta. Hamrabelti og fossar gleðja augað og enginn er svikinn af heimsókn til Eyja.

AÐ FJALLABAKI Hvanngil er vinsæll viðkomustaður ferðamanna sem ferðast um hálendi Íslands og þar þiggja margir gistingu sem ganga Laugaveginn milli Landmannalauga og Þórsmerkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Útivist og afþreying

Margt er að sjá, finna og smakka á Suðurlandi og í Eyjum

1. Úr efnum náttúrunnar
Sveitabragginn á Kirkjubæjarklaustri selur afurðir beint frá býlum héraðsins, lambakjöt og bleikju á grillið, grænmeti, heimabakstur og sultu. Einnig handunna nytjahluti, fatnað og skart úr hinum ýmsu efnum náttúrunnar og snyrtivörur og heilsufæði úr íslenskum jurtum. Sveitabragginn er í kjallara Kirkjuhvols, Klausturvegi 10, og er opinn frá 11 til 19 alla daga.

2. Í óbyggðum
Suðurlandið býr yfir sögulegri og stórbrotinni náttúru í óbyggðum. Þar má nefna svæðin við Laka og Langasjó. Frá Geirlandi á Síðu er boðið upp á dagsferðir þangað yfir sumarið og teknir þar hringir með nokkrum stoppum. Geirland.is.

3. Þægileg ganga
Hjörleifshöfði á Mýrdalssandi er um tvo kílómetra frá þjóðveginum. Þangað er fært öllum farartækjum og við bílastæðið eru upplýsingaskilti, borð og bekkir. Þaðan liggur stígur að rústum bæjar sem búið var í fram á síðustu öld og áfram upp á topp höfðans þar sem fyrrverandi ábúendur hvíla í heimagrafreit.

4. Krosskirkja með álfakaleik
Breiðabólsstaðarkirkja í Fljótshlíð er byggð í kross. Arkitekt hennar var Rögnvaldur Ólafsson. Í henni eru merkir munir, meðal annars kaleikur og patína sem talin eru komin frá álfum og mikil helgi hvílir á.

5. Leyndarmál í hrauninu
Gaujulundur er gróðurvin í nýja hrauninu í Vestmannaeyjum. Þar breyttu hjónin Guðfinna Ólafsdóttir og Erlendur Stefánsson auðn í lystigarð með litfögrum blómum, lágum grindverkum, göngustígum, burstabæ og lítilli myllu.

6. Ævintýrahellirinn
Paradísarhellir er í hamrabelti Eyjafjalla, skammt austan Heimalands. Þar bjó útlaginn Hjalti Magnússon, unnusti Önnu frá Stóruborg, í tvö ár á 16. öld. Hellirinn er manngengur og með rennisléttu steingólfi. Handvaður er upp í hann.

7. Áhrifamiklar gosminjar
Í Eldheimum í Vestmannaeyjum er nýleg sýning um gosið í Heimaey árið 1973 og hvernig þær náttúruhamfarir gripu inn í samfélagið og líf fólksins. Miðpunktur sýningarinnar er húsið við Gerðisbraut 10 sem hvarf undir ösku í gosinu og hefur nú verið grafið upp.

Golfaðstaða fyrir alla

8. Fjölskyldan
Strandarvöllur milli Hellu og Hvolsvallar þykir með bestu golfvöllum í dreifbýlinu og þar geta fjölskyldur átt góðar útivistarstundir. Auk átján holu aðalvallarins er annar með sex brautir, sá er góður bæði fyrir börn og byrjendur á öllum aldri. Einnig er æfingasvæði við völlinn og tjaldstæði. Ekki skemmir svo útsýnið til Heklu, Tindfjalla og Eyjafjallajökuls.

Neytum og njótum

Íslenskt og amerískt

9. Í Hollywood-stíl
Sveitagrill Míu í miðbæ Hellu er grillvagn sem málaður er í Hollywood-stíl. Vertinn Mía sérhæfir sig í hamborgurum af nokkrum gerðum og er Beikon-brjálæðingur sá langvinsælasti. Kjötið kemur frá SS og brauðin eru sérbökuð í bakaríi á Hellu. Opið er alla daga nema mánudaga milli 11.30 og 16 og á föstudags- og laugardagskvöldum frá 18 til 21.

10. Matur og menning
Önnuhús á Moldnúpi undir Eyjafjöllum er veitingastaður í rómantískum anda. Moldnúpur er bernskuheimili listvefarans og rithöfundarins Önnu frá Moldnúpi og fróðleik um hana og langferðir hennar er að finna á staðnum.
Veitingar eru allt frá kaffi og kökum til glæsilegs kvöldverðar.

Frelsi og frábær búnaður fyrir GOmobile inneignina

siminn.is

Þú getur notað GOmobile inneignina þína til að fylla á frelsið eða greiða fyrir aðrar vörur og þjónustu Símans. Sæktu appið á GOmobile.is, skráðu kreditkortið þitt og láttu símann þinn safna peningum sjálfkrafa meðan þú gerir það sem þú gerir vanalega.

Kynntu þér samstarfsaðilana á GOmobile.is og byrjaðu að safna.

4G LTE

Fitbit Flex

Fitbit Flex fylgir þér hvert sem þú ferð.

14.900 kr.



Samsung Galaxy S5

Hægt er að greiða með GOmobile inneign.

119.900 kr.

16GB 16MP 2.5GHz 5.1" 1080@30fps WiFi GPS

ENNEMM / NM63845

BÓK VIKUNNAR: FANGI HIMINSINS EFTIR CARLOS RUIZ ZAFÓN

CARLOS RUIZ ZAFÓN Einn vinsælasti höfundur Spánar og bækur hans hafa verið þýddar á yfir fjörutíu tungumál. MYND/NORDICPHOTOSGETTY

Fangi himinsins er þriðja bókin í sagnabálki Carlos Ruiz Zafón um Kirkjugarð gleymdu bókanna. Fyrsta bókin í flokknum, Skuggi vindsins, var gríðarlega vinsæl þegar hún kom út og vafalaust margir sem hafa beðið spenntir eftir bók frá Zafón. Eitt helsta einkenni bókaflokksins er að lesa má bækurnar í hvaða röð sem er. Bækurnar deila persónum, sagnaheimi og þemum og vefast smekklega saman í tíma.

Í Fanga himinsins koma gömul leyndarmál upp á yfirborðið þegar fortíðin ber að dyrum. Sem fyrr leikur fornbókabúð föður Daniels Sempere lykilhlutverk í framvindu sögunnar. Daníel ætti að gleðjast þegar ókunnugur maður falast eftir sjaldgæfu og fokdýru eintaki af Greifanum af Monte Cristo en honum líst illa á kveðjuna sem hann skrifar inn í bókina til félaga þeirra feðga: „Handa Fermín Romero de Torres, sem sneri aftur frá þeim dauðu og er með lykilinn að framtíðinni.“ Hver er þessi maður og hvað vill hann Fermín? Svarið leynist í ævisögu Fermíns, viðburðaríkri sögu um fangavist, svik, morð og ævintýralegan flótta.

Eins og lesendur Zafóns þekkja úr fyrri bókum er sagan listilega skrifuð og spennandi og hætt við svefnlausri nótt eftir að lesturinn hefst. Ekki spillir vel og fallega unnin þýðing Sigrúnar Ástríðar Eiríksdóttur fyrir lestrarnautninni og lesandinn smjattar á nánast hverju orði. Skyldulestur fyrir bókaunnendur. - fsb

➜ Fangi himinsins er þriðja bókin í flokknum sem hófst með Skugga vindsins. Önnur bókin í flokknum, Leikur engilsins, kom út á íslensku árið 2009 og var valin besta þýdda skáldsagan af starfsfólki bókaverslana.

APP VIKUNNAR

Góður vinur gerður betri

App vikunnar er nýja útgáfan af Foursquare. Appið er ekki nýtt af nálinni en hefur nýlega farið í svo mikla og vel heppnaða yfirhalningu að tími er til kominn að draga það aftur upp á yfirborðið.

Gamla útgáfan gekk út á það að merkja sig inn á ákveðna staði, fá með því stig og að lokum titil á þeim stöðum sem þú sóttir hvað mest, það er nú í öðru appi sem kallast Swarm.

Foursquare er nú hannað meira eftir þörfum notanda. Notandi merkir inn sinn uppáhaldsmat og -staði og fær ábendingar eftir því. Mikill gagnagrunnur af ábendingum frá notendum Foursquare hefur orðið til í gegnum tíðina sem er ómetanlegt fyrir gest til dæmis á veitingahúsi að nýta sér til þess að fá það besta sem í boði er hverju sinni. - nej



YFIRHEYRSLAN DÓRA TAKEFUSA, EIGANDI DOLLY OG BAST.

Fólk er oft **hálfhrætt við mig**

1 Hvað halda margir um þig sem er alls ekki rétt? Ég veit að margir hafa haft skrítnar hugmyndir um mig í gegnum tíðina. Til dæmis að ég sé sjálfsánægð, hrokafull, lauslát og í dópi. Það hafa margir sagt við mig við fyrstu kynni að ég sé allt öðruvísi en þeir héldu og eru mjög hissa yfir því hvað ég er vinaleg og góð. Fólk er líka oft hálfhrætt við mig, sem mér finnst mjög fyndið því ég skil ekki af hverju.

2 Hvað kæmi fólki sem kynntist þér mest á óvart? Hvað ég er viðkvæm og má ekkert aumt sjá. Þegar fréttaþulur varar við myndefni fréttar þá skipti ég yfir á aðra stöð. Ég horfi til dæmis ekki á kvikmyndir bannaðar yngri en 16 ára nema að fólk sem þekkir mig sé búið að sjá þær og segi að þær séu „Dóru proof“.

3 Hvað kemur út á þér tárunum? Ástin og sorglegar bíómyndir.

4 Hvað gerir þig pirraða? Mannvonska, hroki, yfirlæti, sjúklega hæg þjónusta, léleg vinnubrögð og svo á ég líka mjög erfitt með að vera í kringum „boring“ fólk, sem að mínu mati er brjálæðislega leiðinlegt fólk sem talar mikið um heimskulega og leiðinlega hluti.

5 Hvað er fyndnast í heimi? Lífið! Sérstaklega með augum kaldhæðins fólks sem er fyndið í eðli sínu. Ég elska að vera í kringum fyndið fólk.

6 Er líf á öðrum hnöttum? Já, það er löngu sannað. En hvort til séu mannverur eða geimverur á öðrum hnöttum get ég ekki sagt til um.

7 Hvert er fallegasta hljóð sem þú hefur heyrt? Andardráttur þeirra sem ég elska.

8 Hvað gerirðu þegar allir aðrir eru sofnaðir? Kveiki mér í sígarettu, helli Jack Daniels eða rauðvíni í glas, set á tónlist, horfi út um gluggann og gef mér tíma með hugsunum mínum, eða horfi á sjónvarpið og tek mér hvíld frá hugsunum mínum.

9 Hvaða frægu persónu ertu skotin í? Brad Pitt, Eric Bana og Ryan Gosling. Hlýlegir og dularfullir töffarar, fjölskyldumenn með yfirvegað sjálfsöryggi.

10 Ef þú mættir taka eina bók, eina plötu og eina bíómynd með þér á eyðieyju, hvað yrði fyrir valinu? Bókin, Konan sem man. Ein af uppáhalds og ef ég er á eyðieyju kemur hún sér vel varðandi sjálfsbjargarviðleitnina.

Platan, Best of David Bowie!!! Bíómyndin, Bagdad café. Skemmtileg og falleg á allan hátt, sagan, persónurnar, tónlistin og hið myndræna.

11 Hver er fyrsta minningin þín? Man það ekki!

12 Hvað verðurðu að gera eftir fimm ár? Það hef ég ekki hugmynd um! Ég veit ekkert hvernig mér líður eftir fimm ár og veit því ekki hvað mig langar að gera. Þrátt fyrir að ég sé mjög skipulögð manneskja þá plana ég ekki framtíðina. Ég lifi í núinu og leyfi framtíðinni, sjálfri mér og lífinu að leiða mig áfram og helst að koma á óvart því það er svo skemmtilegt.

13 Pálmi Gunnars eða Björn Jörundur? Björn Jörundur.

14 Hver var æskuhetjan þín? Móðir Teresa.

15 Er ást í tunglinu? Já, þegar við svífum tvö út í geiminn … er ást í tunglinu.

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

Tenerife og Kanarí

Morgunflug með Icelandair allan næsta vetur!

FLUGÁÆTLUN

Tenerife

10. og 21. okt.
22. des.
5., 17. og 27. jan.
Vikulegt flug frá 3. feb til 24. mars
24. og 31.mars páskar
7. apr. - Hjördís Geirs.

Kanarí

31. okt. Gott fólk 60+ - Kalli og Halla
26. nóv.
21. des. - jólaferð
5., 17. og 27. jan.
Vikulegt flug frá 3. feb. til 10. mars
10. mars – Guðni Ágústsson
28. mars – páskar

Golf del Sur - Tenerife

Skipulagðar golfferðir með Sigurði Hafsteinssyni

Ótakmarkað golf í haust og vetur á verði sem kemur öllum á óvart!

Nánar á vitagolf.is



Tenerife

HG Tenerife Sur

Verð frá **129.900** kr.*

og 12.500 Vildarpunktar

Verð á mann m.v. 2 í stúdíó á HG Tenerife Sur 21. okt. í 10 nætur

***Verð án Vildarpunkta 139.900 kr.**

Kanarí

Las Camelias

Verð frá **119.900** kr.*

og 12.500 Vildarpunktar

Verð á mann m.v. 2 í íbúð á Las Camelias 27. jan. í 7 nætur

***Verð án Vildarpunkta 129.900 kr.**

Fararstjórar og skemmtanastjórar VITA á Tenerife og Kanarí.



Úrval gististaða með og án fæðis. Verð og gæði fyrir alla – sjá nánar á vita.is

*Innifalið: Flug, gisting skv. ofangreindu. Ef bókað er á skrifstofu bætist við 1.500 króna bókunargjald. Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

ÍSLENSKA SÍA LIS VIT 70117 08/14

Vertu vinur VITA á Facebook
www.facebook.com/vitaferdir

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA
Skógarhlíð 12
Sími 570 4444

VITA er lífið

GUFUVÉL RÓMAVELDIS

FLÆKJUSAGA

Illugi Jökulsson býr hér til sögu um það sem hefði getað gerst ef vísindamenn á tímum Rómaveldis hefðu fylgt eftir uppfinningu sem búið var að gera – en enginn vissi til hvers átti að nota.

Hann vaknaði fyrir allar aldir, Gaius Calvisius Statianus, landstjóri Rómar til Egiftalands. Eitt sekúndubrot mundi hann ekki neitt og ætlaði bara að breiða aftur yfir sig og lúra svolítið lengur, svo rifjaðist það auðvitað upp fyrir honum og hann settist eldsnöggt upp. Keisarinn var að koma í dag. Fyrir tæpri viku hafði komið hraðboði til landstjórans. Guðunum hafði þóknast að stýra hendi hins mikilfenglega Markúsar Árelíusar í orrustu hans við grimmar hjarðir hinna villtu Kvada sem sótt höfðu inn í lönd ríkisins í Evrópu. Hættunni sem frá þeim stafaði var nú afstýrt og keisarinn hugðist nota tækifærið og heimsækja sitt ríka og friðsæla skattland Egiftaland. Hann ætlaði að kanna ástand hersveitanna í Alexandríu en þó umfram allt komast í bókasafnið og skeggræða heimspekileg mál við spekingana þar. Hann væri væntanlegur eftir sex daga, keisarinn. Gaiusi Calvisiusi Statianusi var ætlað að hafa allt til reiðu.

Hinn opinberi sendiboði keisarans hafði ekki haft um þetta fleiri orð en á hæla honum komu alls konar embættismenn og þrælar frá hirð keisarans með miklu nákvæmari fyrirmæli. Og það var ekkert smáræði sem það útheimti að taka á móti hirð sjálfs keisarans. Jafnvel þótt Markús Árelíus reyndi að stemma stigu við bruðli og óhófi var um að ræða heilmikinn mannfjölda sem fylgdi honum og landstjórinn þurfti að búa hverjum og einum bólstað sem hæfði.

Gaius Calvisius Statianus bölvaði í hljóði meðan hann bjó sig í snatri og kallaði á þræl sinn að hafa hafragrautinn tilbúinn. Það þurfti enn mörgu að sinna áður en Alexandría gat talist að fullu tilbúin til að taka á móti keisara sínum. Landstjórinn kunni auðvitað oftast að meta nýjustu tækni eins og aðrir, en stundum var vandséð hvaða gagn var að nýjungunum. Í gamla daga hefði landstjóri í Alexandríu til dæmis aldrei þurft að undirbúa komu keisarahirðarinnar á innan við viku. En nú voru allir svo fljótir í förum að það var talið sjálfsagt að æða jafnvel heimshorna á milli í ríkinu á örfáum dögum.

Sagan sem gerðist ekki

Það fór hrollur um Gaius Calvisius Statianus bæði af taugaóstyrk og kulda. Það var komið langt fram í nóvember og það hafði verið óvenju kalt í Alexandríu síðustu vikurnar. Í landstjórahöllinni var þetta haustið kynt mun meira en venjulega á þessum árstíma. Gaius Calvisius Statianus heyrði á þungu suði neðan úr kjallara hallar sinnar að þrælarnir voru þegar búnir að setja gufuvélarnar á fullt til að hita höllina, það var eins gott, það yrði beinlínis skelfilegt ef sjálfur keisarinn færi að skjálfa úr kulda strax og hann gengi hér inn í höllina eftir að móttökuathöfninni á stöðinni væri lokið. Úff! Gaius Calvisius Statianus vissi að Markús Árelíus var að vísu mildur stjórnarherra en jafnvel hann átti til að fokreiðast og reiði keisarans vildi landstjórinn ekki kalla yfir sig. Af þeim sökum var landstjórinn líka að láta setja upp með hraði kyndingu í bókasafninu, svo keisaranum yrði ekki kalt við heimspekilegar vangaveltur. Og nú yrði bara allt að ganga vel, ekkert sem heitir, hugsaði Gaius Calvisius Statianus um leið og hann hrifsaði hafragrautarskálina úr höndum þræls sem hafði birst eins og hendi væri veifað, landstjórinn ákvað að skófla bara í sig grautnum meðan hann arkaði út á járnbrautarstöð að kanna hvernig undirbúningi miðaði þar áður en lest Markúsar Árelíusar kæmi másandi og blásandi sínum svarta reyk á stöðina.

Þessi saga, lesendur góðir, gerðist árið 174 eftir Krist. Eða réttara sagt, hún gerðist ekki; það hljóta allir að sjá í hendi sér. Auðvitað var engin gufukynding í landstjórahöllinni í Alexandríu og Markús Árelíus keisari ferðaðist ekki um ríki sitt í járnbrautarlestum. Þetta er því tómur skáldskapur, gæti verið upphafið á skáldsögu sem aldrei verður skrifuð um heimsókn Markúsar Árelíusar í bókasafnið í Alexandríu, spekingslegar samræður hans við fræðimennina þar, hann var jú heimspekingur sjálfur, það mætti jafnvel færa þá miklu merkiskonu Hypatíu svolítið til í tíma svo þau Markús Árelíus gætu kynnst í bókasafninu og notist innan um gamalt bókfell, feigðin þó við öllu búin, Gaius Calvisius Statianus myndi klúðra einhverju illilega og vera leystur samstundis frá landstjórninni, já, auðvitað: gufuknúnar kyndivélarnar hans í bókasafninu myndu bila og kveikja í bókfellshaugunum svo þar fuðraði upp þúsund ára fróðleikur og viska, Hypatía yrði drepin af íhaldslýð sem gæti ekki sætt sig við að konur ættu sálarlíf, og keisarinn héldi hnugginn á brott í íburðarsnauðum járnbrautarvagni sínum til þess eins að deyja á sóttarsæng nokkrum árum seinna í enn einni herferðinni til að verjast enn einni innrás hinna villtu Kvada…

MARKÚS ÁRELÍUS

Heronsþáttur

En þetta gerðist sem sagt ekki. Markús Árelíus dó vissulega í herferð gegn Kvödum, en Hypatía var uppi 200 árum seinna og það voru kristnir menn sem drápu hana, rétt eins og þeir brenndu líka bókasafnið til að eyða „heiðnum“ fróðleik og megi þeir stikna að eilífu í helvíti sem ábyrgð báru á því. En umfram allt, engar gufuvélar, engar járnbrautir. Markús Árelíus hefði í raun verið margar vikur að ferðast með alla sína hirð frá blóðvöllunum þar sem Rómverjar öttu kappi við Kvada og nú eru á mótum Austurríkis, Slóvakíu og Ungverjalands, og landstjórinn okkar taugaóstyrki Gaius Calvisius Statianus hefði getað undirbúið allt í ró og næði svo ekkert hefði farið úrskeiðis þegar keisarinn birtist með allt sitt hafurtask.

En þótt þessi saga hafi ekki gerst, þá er eitt svo skrýtið. Hún hefði getað gerst. Gufuvélar voru að vísu ekki teknar í notkun fyrr en nærri 1.500 árum síðar, Spánverjinn Jerónimo de Ayanz fékk einkaleyfi á gufuknúinni dælu árið 1606. Og þá liðu enn 200 ár þangað til James Watt hafði fullkomnað svo gufuvélina að járnbrautarlestir urðu mögulegar. En þarna, á dögum Gaiusar Calvisiusar Statianusar og Markúsar Árelíusar, þá voru þegar liðin rúm 100 ár frá því að grískumælandi stærðfræðingur og verkfræðingur sem bjó í Alexandríu hafði lýst gufuvél nákvæmlega í einu verka sinna, og jafnframt látið smíða slíkar vélar. Hann hét Heron og var einmitt einn af spekingunum og fræðimönnunum sem héldu til og kenndu í bókasafninu fræga þar í borginni. Og 100 árum þar á undan hafði rómverskur verkfræðingur og arkitekt að nafni Vitruvíus einnig lýst gufuvél og verkun hennar. Líklegt má telja að hann hafi líka látið smíða vélina sem hann lýsti.

2000 árum síðar

Þær gufuvélar sem Heron og Vitruvíus upphugsuðu voru að vísu frumstæðar og uppfinningamönnunum var alls ekki að fullu ljóst til hvers mátti nota þær. Vél Herons virðist fyrst og fremst hafa verið sýningargripur í musteri í Alexandríu. Önnur svipuð vél kann þó að hafa verið notuð til að opna og loka dyrum musterisins. En annars komu jafnvel hinir tæknisinnuðu Rómverjar og Grikkir ekki auga á hvernig nota mætti uppfinningar þeirra Vitruvíusar og Herons. Og það er einmitt það dularfulla.

HERON

Hvernig stóð á því að nærri 2.000 ár liðu frá því grundvallaratriði gufuvéla urðu mönnum kunn og þangað til farið var að smíða nothæfar slíkar vélar? Það var í rauninni ekkert við tæknistig Rómverja á öldunum kringum Krists burð sem kom í veg fyrir að þeir þróuðu áfram hugmyndir tvímenninganna, þeim datt það bara ekki í hug. Það er ekki einsdæmi að samfélag hafi í höndunum lykilinn að næsta stigi tæknivæðingar og framfara, alkunnugt dæmi er að hinir háþróuðu Majar í Mið-Ameríku voru, þvert ofan í það sem margir telja, búnir að finna hjólið – en þeim datt bara fátt í hug til að nýta það, nema í barnaleikföng.

Spurningar, sem kvikna af dæmi þeirra Rómverja og Grikkja sem kunnu ekki að hagnýta sér uppfinningar Vitruvíusar og Herons, hljóta að mínu viti að vera tvær:

Í fyrsta lagi, hvernig hefði saga heimsins breyst ef rómverska heimsveldið hefði ráðið yfir járnbrautum og gufuvélum þegar á annarri öld eftir Krist? Og í öðru lagi, er eitthvað í kringum okkur, eitthvað sem við erum búin að finna upp eða átta okkur á, sem við sjáum þó alls ekki möguleikana við enn þá? Eitthvað sem við notum nánast eins og skraut í musterinu eða leikföng fyrir börn, en felur í sér svo miklu, miklu meira? Og við föttum kannski ekki fyrr en eftir næstum 2.000 ár?

> **En þarna, á dögum Gaiusar Calvisiusar Statianusar og Markúsar Árelíusar, þá voru þegar liðin rúm 100 ár frá því að grískumælandi stærðfræðingur og verkfræðingur sem bjó í Alexandríu hafði lýst gufuvél nákvæmlega í einu verka sinna, og jafnframt látið smíða slíkar vélar.**

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

HÁTÍÐ Á SÓLHEIMUM

Lokadagur menningarveislu Sólheima er í dag en hún endar með mikilli hátíð. Lífræn uppskera og framleiðsla verður í boði. Raggi Bjarna og Þorgeir Ástvaldsson verða með tónleika og Reynir Pétur heilsar upp á gesti og gangandi og gefur lífrænt grænmetissmakk.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

TIGER BALSAM HEFUR ALVEG BJARGAÐ MÉR

BALSAM KYNNIR *Ingvar Þór Gylfason, verkfræðingur og crossfit-þjálfari, hyggst keppa á sínu fyrsta móti aftur og byggir sumarbústað í Grímsnesi.*

Ingvar Þór Gylfason, crossfit-þjálfari og verkfræðingur, lifir athafnasömu lífi og þekkir vel hvernig álag getur farið með líkamann. Hann hefur stundað íþróttir frá unga aldri en hefur átt við meiðsli að stríða síðastliðin tvö ár. „Ég kynntist crossfit í byrjun árs 2010 og alveg kolféll fyrir því. Síðan þá hef ég tekið þátt í mörgum þrekmótum og hlaupið tvö maraþon. Þrátt fyrir að hafa æft af kappi hef ég ekki getað keppt á neinu móti síðustu tvö árin sökum meiðsla í olnboga. Ég hafði prófað allt áður, en byrjaði að nota Tiger Balsam-hitasmyrsl sem hefur alveg bjargað mér með harðsperrur og verki eftir æfingar. Olnboginn er allur að koma til og ég er eins og nýr maður. Ég sé loksins fram á að geta keppt aftur á næstunni."

TIGER BALSAM EINS OG GÓÐ NUDDMEÐFERÐ

Ingvar starfar við hugbúnaðarþróun hjá LS Retail og samhliða því byggir hann sumarhús í Grímsnesinu. „Það er fátt skemmtilegra en að komast í hressilega útivinnu í bland við heilabrotin. Það gefur augaleið að mikil seta við skrifborðið, crossfit-æfingar og húsasmíði setja töluvert álag á líkamann og lykilatriði er að hugsa vel um hann. Mér finnst fátt betra en að koma heim úr sveitinni og bera á mig Tiger Balsam. Þetta er eins og góð nuddmeðferð í krukku," segir Ingvar og brosir.

MÆLIR MEÐ Ingvar Þór Gylfason, verkfræðingur og crossfit-þjálfari, mælir eindregið með Tiger Balsam.

TIGER BALSAM VIRKAR Á VERKI

Tiger Balsam er hundrað prósent náttúrulegt hitasmyrsl sem á rætur sínar að rekja til Kína til forna og er í dag vel þekkt um allan heim fyrir ótrúlegan lækningamátt. Tiger Balsam er unnið úr náttúrulegri jurtablöndu sem aldagömul reynsla hefur sýnt að er bæði traust og árangursrík.

100 ÁRA SAGA Í 100 LÖNDUM

- **Háls- og axlaverkir, bakverkir, liðverkir, vöðvabólgur, hausverkir og hósti, kvef og nefstíflur.**
- **Linar verki nánast samstundis.**
- **Mjög áhrifaríkt í vetrarkuldanum.**
- **Öflug lausn fyrir íþróttafólk og aðra sem lifa athafnasömu lífi.**
- **Upphitun – eykur blóðrás og er því virkilega gott til að mýkja upp vöðva fyrir æfingar af öllu tagi.**
- **Vinnur gríðarlega vel á harðsperrum.**

Tiger Balsam er 100 prósent náttúrulegt og inniheldur engin kemísk efni. Veldur engu áreiti á húð eða höndum og er auðvelt að bera á og þvo af sér.

UPPLÝSINGAR

Tiger Balsam er fáanlegt í fjölda apóteka um land allt og heilsuhillum Hagkaups, Heilsuvers, Fjarðarkaups og Heimkaupa.
Frekari upplýsingar má finna á Facebook-síðu Tiger Balsam, www.facebook.com/TigerBalsamIceland

Lítið hringlótt og uppfullt
af möguleikum. www.weber.is
weber

ÆTTARMÓT Elín er með fjölskyldu sinni á ættarmóti um helgina. Hún hefði annars verið í miðbænum í dag og sýnt réttindabaráttu samkynhneigðra stuðning. „Það er hægt að úthýsa fordómum með upplýstri umræðu.“ MYND/GVA

BURTU MEÐ FORDÓMA

GLEÐIGJAFAR *Elín Sveinsdóttir upptökustjóri hefur farið fyrir þeim hópi sem stendur að þáttunum Með okkar augum. Fjórða þáttaröðin er nú í sýningu og hefur vakið mikla athygli ekki síður en fyrri þættir.*

Elín vonast til að hópurinn fái áframhaldandi kostendur svo hægt verði að halda gerð þáttanna áfram. „Þáttagerðin er byggð á stuðningi og fjárframlögum. Það er ekki búið að ákveða framhaldið en sannarlega vonum við að það geti orðið. Við leitum til fyrirtækja eftir stuðningi en höfum einnig fengið styrk frá velferðarráðuneytinu og Landssamtökunum Þroskahjálp. Það hefur reynst hálfgjör barningur að fá styrki en hefur alltaf tekist á endanum,“ útskýrir Elín og bætir við: „Þættirnir hafa sannað sig. Þeir hafa opnað augu fólks fyrir þroskahömlum, brotið niður múra og eytt fordómum.“

Með okkar augum var fyrst sýnt árið 2011 og vakti strax athygli. Þættirnir hafa verið verðlaunaðir. Má þar nefna Múrbrjót Þroskahjálpar 2011, Hvatningarverðlaun Öryrkjabandalagsins 2011 og Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins 2012. Þá hafa þættirnir tvisvar verið tilnefndir til Eddunnar.

Þegar Elín er spurð hvernig þetta hafi allt byrjað segir hún að Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar, hafi komið að máli við hana í upphafi. „Hann spurði hvort einhver flötur væri á því að þroskahamlaðir gætu unnið í sjónvarpi. Ég hafði fulla trú á því og í framhaldinu fórum við af stað með námskeið fyrir þá sem höfðu þennan fjölmiðlaáhuga. Það reyndust vera sex krakkar sem er sá kjarni sem er enn að vinna við þættina. Verkefnið hefur síðan undið upp á sig,“ segir hún.

EINLÆGNI OG HLÝJA

„Frábært er hversu krökkunum hefur gengið vel að vinna saman, þau hafa þroskast og þróast í þessu fagi. Þess utan hefur starfið gefið þeim mikið. Þau hafa tekið leiðsögn og leiðbeiningum einstaklega vel. Viðmælendur hafa einnig tekið virkan þátt í verkefninu með einlægni og ánægju. Einlægnin og hlýjan frá þáttagerðarfólkinu hefur augljóslega áhrif á viðmælendur,“ segir Elín. „Við þurfum ekkert að gera veröldina öðruvísi en hún er. Við höfum öll okkar veikleika eða styrkleika.“ Elín veit ekki til þess að slíkir þættir hafi verið gerðir í öðrum löndum.

„Þegar við vorum að hanna þetta prógramm fannst mér liggja beinast við að gera magasínþátt, enda kem ég sjálf úr fréttaumhverfi. Við vildum hafa fréttir, menningu, listir, íþróttir, mat og mannlíf. Svo var toppnum náð þegar Andri Freyr kom með hugmyndina að spurningaþætti sínum. Sá hluti er algjörlega hans hugarsmíð frá upphafi til enda,“ segir Elín.

Þáttagerðarmenn á skjánum eru Steinunn Ása Þorvaldsdóttir, Andri Freyr Hilmarsson og Katrín Guðrún Tryggvadóttir. Með þeim eru síðan Bjarni, Eiður, Richard og Skúli Steinar.

ALVÖRU SJÓNVARPSFÓLK

„Í fyrstu þurftu viðmælendur okkar að spyrja mikið út í þættina þegar þeim var boðið í viðtal en það hefur gjörbreyst. Við höfum fengið marga fræga einstaklinga til að taka þátt í þessu með okkur. Við höfum ekki orðið vör við fordóma, sem betur fer,“ segir Elín. „Við erum búin að sanna okkur sem alvöru sjónvarpsfólk.“

Þegar hún er spurð hvort sjónvarpsfólkið hafi ekki öðlast nokkra frægð sjálft, svarar hún: „Jú, mér heyrist það á þeim. Fólk heilsar þeim úti í búð eða á götu eins og gerist með aðra sem starfa í þessum sýnileika í fjölmiðlum. Þau hafa hins vegar ekki ofmetnast, einlægnin og heiðarleikinn er í fyrirrúmi. Steinunn Ása er með kaffihúsið Gæs sem er frábært framtak. Þáttagerðin sýnir að við getum gert allt sem okkur langar til ef við fáum þá aðstoð sem þarf,“ segir Elín.

Þar sem þáttagerðin með þessum hressu krökkum er í bið er Elín farin að vinna við annað verkefni. „Ég er á fullu að undirbúa aðra þáttaröðina af Biggest Loser fyrir Skjá einn. Þættirnir fara í gang aftur í haust en það er ákaflega skemmtilegt að vinna að gerð þessara þátta,“ segir Elín. Í þeim er markmiðið að fólk létti sig og öðlist nýtt og betra líf. „Þetta er vissulega frábrugðið þáttunum Með okkar augum. Starf mitt er margbreytilegt sem gerir það áhugavert. Verktakavinna er þannig að maður fær ólík verkefni hverju sinni til að fást við.“

ÆTTARMÓT Í MÝVATNSSVEIT

Þegar Elín er spurð hvað hún ætli að gera um helgina segist hún vera á leið á ættarmót í Mývatnssveit með móðurfólki sínu. „Afi minn, Vésteinn Guðmundsson, hefði orðið hundrað ára 14. ágúst, og af því tilefni hittumst við í sveitinni hans. Hann starfaði lengi sem framkvæmdastjóri Kísiliðjunnar. Sum okkar dvelja í gamla húsinu hans en einnig verður slegið upp tjöldum. Við munum halda Vésteinsleika fyrir krakkana, grilla úti og hafa gaman. Ef ég hefði verið í bænum myndi ég fylgjast með gleðigöngunni. Við erum nýflutt í miðbæinn og erum með frábært útsýni yfir bæinn. Það hefði verið hægt að horfa á gönguna úr stofuglugganum. Mér hefur alltaf þótt gaman að fylgjast með gleðigöngunni og vil sýna málstaðnum stuðning. Það er hægt að úthýsa fordómum með upplýstri umræðu. Við eigum að tala saman og vera góð hvert við annað,“ segir Elín en hún og eiginmaður hennar, Sigmundur Ernir Rúnarsson, eru mikið golfáhugafólk og fara á golfvöllinn eins oft og tækifæri gefst. „Við eigum þetta áhugamál sameiginlegt með tveimur yngstu börnum okkar.“

elin@365.is

- Samkvæmt 840.000 notendum GoodReads!

Framhald Divergent-kvikmyndarinnar!
Önnur bókin í hinum geysivinsæla Divergent-bókaflokki er nú komin út í kilju.

Fæst hjá öllum betri bóksölum!

eBækur IDA amazon

Björt BÓKAÚTGÁFA www.bjortutgafa.is

Stjórnar át og þyngdarvandi lífi þínu?
Nýtt líf:
5 vikna byrjendanámskeið með 3 mánaða eftirfylgni hefjast 19.8.14. og 02.10.14.
Frá hald í forgang:
framhaldsnámskeið hefjast 30.08.14. og 20.09.14.
MFM MIÐSTÖÐIN
Meðferða og fræðslumiðstöð vegna matarfíknar og átraskana
Hlíðasmári 10, 201, Kópavogi Sími 568 3868

Esther H. Guðmundsdóttir MSc.

matarfikn@mfm.is www.matarfikn.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
Kolbeinn Kolbeinsson, kkolbeins@365.is, s. 512 5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

ÚTSALA

AFSLÁTTUR af öllum teppum

Persía

Opið kl. 11-18 • laugardaga kl. 11-16 • www.persia.is
T E P P A G A L L E R Í • Bæjarlind 16 • Sími 568 6999

FRUM - www.frum.is

VERÐHRUN
Á ÚTSÖLU

20% AUKAAFSLÁTTUR
AF ÚTSÖLUVERÐI

ENN ER HÆGT AÐ GERA GÓÐ KAUP

Rita
Bæjarlind 6 • S. 554 7030
www.rita.is

Við erum á Facebook

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn klámi.

FISKIHÁTÍÐ ÁRSINS

MATARVEISLA *Fjölmenni sækir Fiskidaginn mikla á Dalvík árlega. Boðið er upp á fjölbreytta dagskrá fyrir fjölskylduna en fiskréttirnir eru aðalmálið.*

Fiskidagurinn mikli verður haldinn á Dalvík í dag og hefur dagskráin aldrei verið glæsilegri. Þetta er fjórtánda árið sem dagurinn er haldinn og meðal fjölbreyttra viðburða má nefna að reynt verður að slá heimsmet í pítsugerð, boðið verður upp á risaknús, filsur verða kynntar til sögunnar í fyrsta sinn en það eru fiskipylsur í brauði, slegið verður upp stórkostlegri tónlistarveislu á stóra sviðinu og heimsfrumsýning verður á merkilegum neðansjávarmyndböndum sem margir bíða spenntir eftir. Í gær lauk síðan hinu sívinsæla fiskisúpukvöldi sem haldið var tíunda árið í röð en þar buðu 120 fjölskyldur í bænum upp á ýmsar útgáfur af fiskisúpu.

Að sögn Júlíusar Júlíussonar, framkvæmdastjóra Fiskidagsins mikla, hefur þó markmið dagsins alltaf verið að koma fólki saman, hafa gaman og auðvitað að borða fullt af fiski. „Hápunktur Fiskidagsins er þegar sjálfboðaliðar og grillsveitir Fiskidagsins mikla gefa ljúffenga fiskrétti af öllum stærðum og gerðum á hafnarsvæðinu á laugardeginum. Matarbásarnir eru opnaðir kl. 11 og verða opnir til kl. 17 og það verður nægur matur fyrir alla hátíðargesti.“

Matseðillinn inniheldur alltaf klassíska rétti ár eftir ár en þó er alltaf boðið upp á einhverjar nýjungar á hverju ári. „Í ár munum við bjóða upp á filsur í fyrsta skipti á Íslandi en það eru fiskipylsur í brauði. Þær verða bara framleiddar fyrir þennan dag. Við munum einnig bjóða upp á nýjar marineringar þegar við grillum bleikju og þorsk. Svo má nefna að í fyrsta sinn bjóðum við upp á rétt sem er ekki fiskréttur en þar mun Grímur kokkur bjóða upp á indverskt grænmetisbuff auk hins vinsæla plokkfisks. Við ætlum líka að reyna við heimsmet þegar við munum baka 80 fermetra saltfiskpítsu þar sem við notumst við eitt tonn af hráefni.“ Allur matur og skemmtanir á hátíðarsvæðinu eru ókeypis.

Um 26 þúsund manns sóttu hátíðina í fyrra og býst Júlíus við sambærilegum fjölda í dag. „Hingað koma margir brottfluttir Dalvíkingar auk gesta úr öllum landsfjórðungum. Margir koma hingað ár eftir ár og eru jafnvel farnir að ganga í ýmis sjálfboðaliðastörf og hjálpa þannig til við að gera Fiskidaginn mikla að þeirri einstöku hátíð sem hann er.“

Allar nánari upplýsingar www.fiskidagurinnmikli.is og á Facebook.

■ starri@365.is

MATARVEISLA Um 26.000 manns mættu í fyrra og nutu góðra veitinga og fjölbreyttra skemmtiatriða. Í gær var árlegt fiskisúpukvöld.
MYND/ÚR EINKASAFNI

Jeppadekk

Jeppinn stendur ekki undir nafni nema hann sé vel dekkjaður. Ef þú vilt nýta til fullnustu orku, aksturseiginleika og öryggi jeppans, skiptir sköpum að velja dekk við hæfi.

TOYO TIRES driven to perform
BFGoodrich TAKE CONTROL
MAXXIS

NESDEKK Reykjavík Reykjanesbæ
Þjónustusími: 561 4200
Reykjavík • Fiskislóð 30
Reykjavík • Grjóthálsi 10
Reykjanesbæ • Njarðarbraut 9

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum
Bílabúð Benna dekkjaþjónusta
Tangarhöfða 8 • Sími: 590 2045
Þjónustuborð: 590 2000

EINLEIKJAHÁTÍÐ Á SUÐUREYRI

Það verður mikið um dýrðir á Suðureyri um helgina þar sem einleikjahátíðin Act Alone er haldin. Frítt er inn á alla viðburði hátíðarinnar sem eru ætlaðir fólki á öllum aldri. Eins og nafnið gefur til kynna troða listamenn einir upp og verður fjölbreytnin mikil eins og undanfarin ár.

Hátíðin hófst á miðvikudaginn en lýkur á morgun, sunnudag. Meðal atriða sem boðið verður upp á í dag er þrifagjörningur Önnu Richardsdóttur sem tekur Suðureyri í gegn, Bernd Ogrodnik sýnir barnaleikritið Pétur og Úlfinn, Hjörtur Jóhann Jónsson sýnir leikritið Grande, Arnar Jónsson leikari flytur leikritið Sveinsstykki og Eiríkur Örn Norðdahl flytur ljóðaprógrammið Swing Ding Deng Xiaoping. Villi Naglbítur býður upp á kvöldvöku og fyrr um daginn verður boðið til fiskiveislu þar sem gestir geta gætt sér á tapasréttum auk þess sem Vísindanámskeið Villa verður í boði fyrir börnin.

Undanfarna daga hafa meðal annars gítarleikarinn Björn Thoroddsen og Stuðmaðurinn

Egill Ólafsson haldið tónleika og Saga Sigurðardóttir sýndi dansverkið Scape of Grace í gær.

Act Alone lýkur á morgun, sunnudag, með söngdagskrá Bjarna Ara í Suðureyrarkirkju.

Hátíðin hefur verið haldin árlega frá árinu 2004. Alls hafa verið sýnd yfir 100 verk á hátíðinni og alltaf hefur aðgangur verið ókeypis.

Nánari upplýsingar má finna á www.sudureyri.is/actalone og á Facebook.

LÉTTARA SKAP OG BETRI SVEFN

ICECARE KYNNIR *Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að ná betri líðan.*

Bryndís Guðmundsdóttir segist hafa byrjað á breytingaskeiðinu fyrir sjö árum. „Ég hef verið á þremur tegundum af hormónalyfjum, þurfti oft að skipta um tegundir. Ástæðan fyrir því var sú að lyfin hentuðu mér ekki, ég fékk meiri vanlíðan af þeim en ég hafði áður. Ég átti erfitt með svefn, svitnaði mjög mikið og var með mikla skapbresti," segir hún.

„Ég ákvað að hætta að taka inn hormónalyfin þar sem þau voru ekki að virka á mig. Leitaði að upplýsingum og fróðleik á netinu og rakst þá á grein um Femarelle. Ég ákvað að prófa einn pakka því það sakaði ekki að reyna eitthvað annað. Það er gaman frá því að segja að ég fann mjög fljótt mun á mér, ég fór að sofa betur, nú er ég hætt að svitna um nætur, skapið er miklu léttara og ég hef mun meiri orku en áður. Ég get mælt 100 prósent með Femarelle ef konur vilja ná betri líðan á breytingaskeiðinu."

LOKSINS VERKJALAUS

Eva Ólöf Hjaltadóttir deilir reynslu sinni af notkun Femarelle. „Mér hafði ekki liðið nógu vel í svolítinn tíma, var á lyfjum við sykursýki og vegna veikinda í skjaldkirtli. Ég hafði þyngst vegna lyfjanna. Einnig er ég með gigt og hef því haft mikla verki. Mér fannst óþægilegt að vera of mikið innan um fólk, var orðin svolítið þunglynd af vanlíðan. Mér fannst ekki gott að vera þar sem var hávaði og var því mjög mikið að einangrast frá félagslífi," segir Eva Ólöf.

„Ég er 71 árs og var ekki sátt við hvernig mér leið, ég vildi geta tekið meiri þátt í lífinu. Eftir að ég las umfjöllun um Femarelle leist mér vel á að prófa náttúrulega og hormónalausa meðferð, sérstaklega þar sem ég sá að hún getur haft áhrif á verki. Ég hef notað Femarelle í fjóra mánuði og hef endurheimt mitt fyrra líf. Mér líður svo vel að nú get ég farið daglega út að ganga með hundinn. Ég fer í sund á hverjum degi og sæki félagsvistina og fer í bingó vikulega. Mig er hætt að verkja um allan líkamann og ég nota Femarelle sem náttúrulega verkjameðferð því ef ég er með verk tek ég aukalega af því. Það besta er að börnin mín og tengdabörn segja að ég sé orðin miklu líflegri og hressari. Ég hef meira gaman að því að hitta barnabörnin mín, því ég get veitt þeim betri athygli. Ég hef að auki misst 11 kíló án þess að reyna það, vegna þess að mér líður betur og ég get hreyft mig óhindrað."

SÖLUSTAÐIR

Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

Hægt er að nálgast ítarlegar upplýsingar í íslenskum bæklingi á heimasíðu Icecare, icecare.is.

ALLT ANNAÐ LÍF Bryndís fann réttu lausnina þegar hún kynntist Femarelle. MYND/VALLI

- **Femarelle er öruggur kostur fyrir konur**
- **Slær á óþægindi eins og höfuðverk, svefntruflanir, nætursvita, skapsveiflur, óþægindi í liðum og vöðvum**
- **Þéttir beinin**
- **Hefur ekki áhrif á móðurlíf eða brjóstavef**
- **Náttúruleg lausn, inniheldur tofu-extract og hörfræjaduft**
- **Inniheldur engin hormón eða ísóflavóníða**
- **Staðfest með rannsóknum síðustu 13 ár**

BETRI HEILSA Birgitta þjáðist af gigt og þurfti að taka sýklalyf reglulega vegna þvagfærasýkingar. Hún segir að það hafi lagast eftir að hún byrjaði að taka Bio-Kult Pro-Cyan. MYND/GVA

ÞVÍLÍKUR LÉTTIR

Bio-Kult Pro-Cyan inniheldur þrívirka formúlu sem hefur verið vísindalega þróuð og staðfest. Trönuber hindra að E. coli-bakterían nái fótfestu í slímhúð þvagrásar og skola bakteríunni út með þvaginu.

Birgitta Sveinbjörnsdóttir þjáðist af gigt sem hafði mikil áhrif á heilsufar hennar og líðan. Vegna aukaverkana af lyfjum sem hún þurfti að taka inn fór hún að fá endurteknar þvagfærasýkingar. „Ég þurfti reglulega að taka inn sýklalyf. Ég hafði í mörg ár reynt að nota náttúrulegar leiðir til að losna við sýklalyfin en ekkert virkaði. Ég breytti mataræðinu og lífsstílnum og prófaði ýmsar vörur sem áttu að virka gegn þvagfærasýkingum en allt kom fyrir ekki. Ég fékk alltaf endurteknar þvagfærasýkingar," segir hún.

„Vinkona mín sem er læknir benti mér á að nota Bio-Kult Pro-Cyan gegn þvagfærasýkingunni. Það var ótrúlegt að upplifa loksins eitthvað sem virkaði án þess að nota sýklalyf. Þvílíkur léttir eftir öll þessi ár. Ef ég gleymi að taka Bio-Kult-hylkin finn ég að þvagfærasýkingin læðist að, þannig að ég passa vel upp á að það gerist ekki. Ég tek tvö hylki á dag alla daga. Ég hef líka notað Bio-Kult Original, þetta gula, til að styrkja magaflóruna betur og það hefur einnig hjálpað mér til að styrkja meltinguna."

STUÐLAR AÐ LÍFLEGRA HÁRI

Frábærar töflur sem hægt er að mæla hiklaust með. Aðeins ein tafla af Hair Volume á dag og hárið verður líflegra og þykkara.

Selma Björk Grétarsdóttir var farin að taka eftir að hár hennar hafði þynnst og var orðið mjög þurrt og slitið. „Ég ákvað að prófa Hair Volume sem ég hafði séð auglýst og fljótlega sá ég að hárið varð miklu líflegra. Mér finnst einnig vera kominn gljái á hárið og finn að það hefur þykknað þótt ég sé einungis búin að taka Hair Volume í tvo mánuði. Ég hef litað hárið reglulega og þarf því að gæta þess að það þorni ekki of mikið. Ég get hiklaust mælt með Hair Volume fyrir þær sem eru í sömu stöðu og ég," segir Selma.

FÉKK HÁRLOS

„Ég fór í aðgerð og þurfti að nota lyf í kjölfarið, sem varð til þess að hárið á mér varð líflaust og rytjulegt. Einnig var ég líka með töluvert hárlos vegna lyfjanna og þurfti ég t.d. alltaf að tæma niðurfallið í sturtunni eftir hvert skipti í sturtu, svo mikið var hárlosið.

Ég byrjaði að nota Hair Volume í ágúst. Ég og hárgreiðslukonan mín höfum tekið eftir því hve miklu líflegra hárið er, það glansar meira og hárvöxturinn hefur aukist mikið. Annar hárvöxtur á líkamanum hefur samt ekki aukist og finnst mér það mikill munur. Ég tók líka eftir því að neglurnar eru sterkari og húðin mun betri, þannig að það er svo margt gott við að nota Hair Volume-töflurnar. Frábærar töflur sem ég mæli hiklaust með," segir Margrét Viðarsdóttir.

NÝ UPPFINNING

Hair Volume er nýjung á markaðnum. Hair Volume er eina varan sem inniheldur náttúrulega vaxtarvakann procyanidin-B2 sem unninn er úr eplum. Töflurnar nera rætur hársins með bíótíni sem hvetur hárvöxt og umfang hársins og kopar sem viðheldur eðlilegum lit – hjálpar til við að koma í veg fyrir grá hár. Töflurnar innihalda líka þykkni úr hirsi, kísli og B-vítamínum.

HÁRIÐ VARÐ LÍFLEGRA Selma Björk sá mikinn mun á hári sínu eftir að hafa tekið Hair Volume í tvo mánuði. MYND/VILHELM

SÖLUSTAÐIR

Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

Hægt er að nálgast ítarlegar upplýsingar í íslenskum bæklingi á heimasíðu Icecare, icecare.is.

HAIR VOLUME Eflir hárvöxt, styrkir og þykkir hárið. Innihald: elfting (horsetail extract), epla-extrakt, hirsi (millet extract), amínósýrur L-cysteine og L-methi-nonine, bíótín, pantótenatsýra, sink og kopar.

ALLTAF AÐ BAKA Berglind hefur gaman af því að gera gamaldags kökur og nýmóðins bökur.

BLÓMLEG BAKA

SUMARLEG BAKA *Berglind Ólafsdóttir matarbloggari tók sig til á þjóðhátíðardaginn og bakaði sérlega þjóðlega böku. Þessi sumarlega og fallega skreytta baka á vel við hvenær sem sól skín í heiði.*

„Bökur sem þessar eru ef til vill ekki þær fljótlegustu og einföldustu en fegurðin og bragðið gerir fyrirhöfnina sannarlega þess virði," segir Berglind Ólafsdóttir matgæðingur sem heldur úti blogginu Krydd og krásir.

Þann 17. júní síðastliðinn ákvað hún að skella í eina blómum skreytta böku sem vakti kátínu í hjörtum þeirra sem smökkuðu. „Uppskriftin kemur héðan og þaðan. Ég hef oft gert botninn og man ekki hvaðan hann er upprunninn og fyllingin breytist reglulega," segir Berglind og bendir þeim sem búa til bökuna á að kæla hana vel og hafa hana ekki of lengi frammi á borði í einu. „Bakan er ekki bökuð og ekkert matarlím sem heldur fyllingunni saman. Því er nauðsynlegt að hafa hana vel kalda."

BLÓM Í KÖKUR

Berglind hefur gaman af matargerð af öllu tagi og hefur jafn gaman af því að baka gamaldags kökur og nýmóðins bökur. Innt eftir því hvort allir geti búið til svona flókna böku svarar hún: „Ef þú hefur gaman af að stússast í eldhúsinu er þetta ekkert mál. Maður þarf bara að fylgja nokkrum grundvallarreglum eins og þeim að hafa hráefnin í botninn köld."

Skreyting bökunnar vakti sérstaka athygli blaðamanns. „Ég rækta æt blóm í garðinum sem ég nota í kökur, salöt og út í drykki. Fjólurnar fannst mér passa vel á þjóðhátíðardaginn, enda spretta þær snemma í garðinum," segir Berglind en þeir sem ekki hafa aðgang að ætum fjólum geta notað morgunfrúr eða skjaldfléttur sem skraut. „Þá er ekkert heilagt að hafa jarðarber. Maður getur eins notað hindber og bláber henta líka vel, sérstaklega ef skreytt er með appelsínugulum morgunfrúm," segir Berglind.

Sömuleiðis segir hún lítið mál að skipta út fyllingu. „Til dæmis má setja í fyllinguna sítrónubörk og sítrónusafa í stað vanillunnar en þá þarf að bæta aðeins af sykri út í uppskriftina."

SÆTUR BÖKUBOTN

170 g hveiti
2 msk. sykur
100 g kalt smjör skorið í litla bita
1 eggjarauða
2-3 msk. kalt vatn
40-50 g suðusúkkulaði, rifið á rifjárni í smáar flögur (t.d. með Microplane-járni)

Hnoðið saman smjöri, hveiti og sykri, til dæmis í matvinnsluvél. Bætið eggjarauðu og hluta af vatninu saman við og hnoðið þar til deigið er komið í góða kúlu. Athugið að ekki er víst að það þurfi allt vatnið. Mikilvægt er að hnoða deigið eins lítið og mögulegt er, þannig verður það stökkt og gott. Ef það er hnoðað of mikið er hætt við því að það verði seigt. Setjið deigið í skál og geymið í kæli í u.þ.b. 15 mínútur.

SUMARLEG Bakan er skreytt með jarðarberjum og ætum fjólum úr garði Berglindar.

Fletjið deigið út á hveitistráðu borði og setjið í 24-26 cm bökuform. Setjið farg á deigið og bakið við 180°C í 10-15 mínútur, takið fargið af botninum og bakið áfram í 3-5 mínútur eða þar til botninn er gullinn á lit. Rífið súkkulaðið niður og dreifið því yfir botninn um leið og þið takið hann úr ofninum. Kælið og setjið á kökudisk.

FYLLING

1 egg
2 tsk. sykur
1/2 tsk. vanilludropar (mikilvægt að nota dropa sem eru unnir úr ekta vanillu. Berglind útbýr sína sjálf með því að kljúfa vanillustangir, setja þær í 200 ml flösku og fylla með vodka)
250 g mascarpone-ostur
1/2 dl rjómi
250-300 g jarðarber
ferskar fjólur

Hafið mascarpone-ostinn við stofuhita. Setjið egg, vanillu og sykur í skál og hrærið vel saman. Bætið ostinum og rjómanum smátt og smátt saman við og hrærið þar til allt er vel samlagað, ljóst og létt.

Takið græna stilkinn af jarðarberjunum og skerið berin í jafnar og fallegar sneiðar. Raðið þeim yfir fyllinguna og skreytið með fjólum.

SAFAR OG ÞEYTINGAR

LAUGARDAGUR **9. ÁGÚST 2014**

Kynningarblað Joe & the juice, Græni hlekkurinn, uppskriftir og góð ráð.

Safarnir byggja á fersku og hollu hráefni.

Hröð og góð þjónusta í björtu og fallegu umhverfi.

Joe & the juice eru í Kringlunni og Smáralind.

Ljúffeng samloka og hollur safi er frábær blanda.

Ljúffengir safar og frábær stemning

Á einu ári hefur Joe & the juice stimplað sig rækilega inn sem vinsæll djúsbar sem selur úrval af ferskum söfum og heilsusamlegum samlokum. Í dag er Joe & the juice í Kringlunni og Smáralind en bráðlega verður nýr staður opnaður í World Class í Laugum.

Joe & the juice rekur tvo vinsæla djúsbari hérlendis sem bjóða upp á fjölbreytt úrval af ferskum og hollum söfum, mjólkurhristingum, kaffidrykkjum og heilsusamlegum samlokum. Síðar í ágúst verður þriðji staðurinn opnaður í glæsilegu húsnæði World Class í Laugum en sá staður verður stærri en djúsbarirnir í Smáralind og Kringlunni. Anna Fríða hjá Joe & the juice segir aðaláhersluna vera á ferskt og hollt hráefni og að allir réttir séu búnir til á staðnum fyrir framan viðskiptavininn. „Allir safarnir okkar eru gerðir úr ferskum ávöxtum og grænmeti sem blandað er saman á ólíka vegu svo ólíkar bragðsamsetningar og vítamínin njóti sín. Við leggjum mikið upp úr ferskleika og þess vegna eru safarnir útbúnir á staðnum þegar viðskiptavinurinn pantar."

Fyrsti Joe & the juice-staðurinn var opnaður í Kaupmannahöfn árið 2002 og hefur alltaf verið lögð áhersla á að bjóða viðskiptavinum upp á hollan og næringarríkan skyndibita. Í dag rekur keðjan yfir 50 staði víðs vegar í Evrópu og vex hratt að sögn Önnu. „Íslendingar hafa tekið okkur vel enda bjóðum við í senn upp á hollan og góðan skyndibita og hraða og góða þjónustu í fallegu umhverfi. Við opnum kl. 10 í Kringlunni og kl. 11 í Smáralind og erum gríðarlega vinsæll kostur í hádeginu fyrir fólk á öllum aldri en ekki síður sem síðdegissnarl eða kvöldmatur. Nýi staðurinn í World Class verður með rýmri afgreiðslutíma og er til dæmis opnaður fyrr á morgnana."

Létt og góð stemning

Boðið er upp á tæplega 20 safa með ýmsum bragðtegundum. „Yngra fólkið er mjög hrifið af drykkjum eins og Iron Man sem er sætur en fullorðna fólkið, sem hugsar meira um heilsu og næringu, fer í drykki sem innihalda grænmeti eins og Joe's Green Kiss, Veggie Focus og Go Away Doc."

Það er vinsælt að fá sér ljúffenga samloku með safanum en Joe & the juice býður upp á úrval af hollum og góðum samlokum. „Það er sama hugsunin á bak við þær og safana. Samlokurnar eru gerðar á staðnum þegar þær eru pantaðar og byggjast að stærstum hluta á nýju og fersku hráefni."

Það er ekki bara á djúsbörum sem viðskiptavinir hafa notið góðra veitinga frá Joe & the juice. Fyrirtækið býður upp á „uppskotsbar" sem skýtur upp á ýmsum viðburðum á vegum fyrirtækja og stofnana. „Það hefur verið mikið að gera hjá okkur við að skipuleggja ýmsa viðburði, stóra og smáa. Þá mætum við á staðinn með ljúffengar samlokur, djúsa og leggjum mikla áherslu á létta og góða stemningu. Í náinni framtíð stefnum við líka á að vera sýnilegri á úti- og bæjarhátíðum á nýjum veitingabíl þannig að sem flestir geti notið góðra veitinga frá okkur."

Allar upplýsingar um safa Joe & the juice má finna á www.joeandthejuice.is og á Facebook og Instagram.

Samsetningin skiptir miklu máli

Máltækið allt er gott í hófi á ótrúlegt en satt líka við um ávaxta- og grænmetisþeytinga og er ráð að huga að jafnvægi ávaxta og grænmetis þegar tínt er ofan í blandarann. Grænmeti ætti að vera í meirihluta, næst ber og loks ávextir, rétt til að sæta.

Stútfullt glas af ávöxtum sem drukkið er í einum rykk hljómar eins og meinholl vítamínbomba sem gerir líkamanum bara gott. Það er á margan hátt rétt en þó ber að gæta að samsetningunni og passa upp á það að í glasinu verði ekki eintómur ávaxtasykur því hann er ekki æskilegur í of miklum mæli frekar en annar sykur.

Fæstir myndu borða epli, peru, banana, mangó, appelsínu og kíví á innan við mínútu en það er hægt með því að mauka allt í drykk. Betra er að gera þeyting úr blöndu af grænmeti, ávöxtum og berjum og hafa grænmeti í meirihluta, síðan ber og loks ávexti. Oft getur dugað að sæta með hálfum banana eða nokkrum döðlum. Þá virka sítrónur, engifer, sellerí og mynta líka vel til að skerpa bragðið. Eins er gott að nota lárperu til að ná fram ákjósanlegri áferð en þá er hægt að minnka mjólkurvörur og banana á móti. Það er svo um að gera að fylla blandarann af grænu grænmeti eins og spínati og grænkáli. Það hefur lítil áhrif á bragðið en eykur hollustuna til muna.

Lárperuþeytingur

1 lítil lárpera
½ ljósgrænt eða rauðgult epli
1 lúka spínat
½ frosinn banani
Safi úr hálfri sítrónu
Klakar og smávegis vatn til að auðvelda þeytinguna

Grænn djús

3 sellerístönglar
1 agúrka
1 grænt epli
1 lúka spínat eða grænkál
1 límóna eða sítróna
3 sm engiferrót
Allt sett í safapressu. Þynnt með klaka og vatni.

Grænir djúsar hressa, bæta og kæta.

Það er gott að nota lárperu til að ná fram ákjósanlegri áferð á þeytinginn. Þá er hægt að minnka mjólkurvörur og banana á móti.

Það er mikil búbót að eiga ber í frystinum til að geta skellt í þeyting langt fram eftir vetri.

Uppskeran notuð í þeytinginn

Berjatíminn er genginn í garð og eru þeir hagsýnu víða farnir á stjá. Það er talsverð búbót að tína ber því eins og flestir vita kostar askjan af ferskum bláberjum vænan skilding. Þeir iðnustu geta átt ber í frystinum langt fram á vetur en það kemur sér vel í safa og þeytinga, í salatið, bökur og bakstur.

Á Norður- og Austurlandi er komin fínasta berjaspretta og þar er bæði að finna bláber og krækiber. Eitthvað getur þurft að bíða lengur á Suðurlandi, sökum mikillar vætu og sólarleysis það sem af er sumri.

Hér fylgir uppskrift að bragðgóðum bláberjaþeytingi.

Bláberjaþeytingur

½ bolli vanilluskyr, hrein jógúrt eða AB-mjólk
½ bolli mjólk (má líka vera hrísmjólk, möndlumjólk eða sojamjólk)
⅔ bollar frosin bláber
½–1 frosinn banani
1 msk. chia-fræ lögð í bleyti í 10 mín.
Allt sett í blandara og hellt í hátt glas.

FULLÞROSKUÐ EFTIR MIÐJAN ÁGÚST

Krækiber eru mun algengari og auðfundnari en önnur villt ber á Íslandi. Krækilyngið vex í þurrum brekkum og mólendi og blómgast í maí og júní. Berin eru þó ekki fullþroskuð fyrr en eftir miðjan ágúst. Krækiber eru mun harðgerðari en bláber og aðalbláber og því er hægt að tína þau lengur fram eftir hausti.

Bláberjalyng er að finna um allt land, einkum í votlendi og mólendi. Það fer mikið eftir árferði hvenær berin verða nógu þroskuð til tínslu en líkt og með önnur íslensk ber má ekki reikna með fullum þroska fyrr en eftir miðjan ágúst.

Margir velta fyrir sér muninum á bláberjum og aðalbláberjum. Einfaldasta útskýringin er sú að bláberin eru ljósari en aðalbláberin. Á Plöntuvefsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands er að finna nánari útskýringar og kort af útbreiðslunni. Þar kemur fram að blöð aðalbláberjalyngsins séu ljósgræn og tennt með bleikum drúpandi blómum. Þau er aðallega að finna á Vestur- og Norðurlandi en líka á Suðvesturlandi og Austfjörðum. Lítið er um aðalbláber á Suðurlandi. Útbreiðsla bláberja er meiri og er þau að finna um allt land.

Capacent Ráðningar

HJÚKRUNARFORSTJÓRI

Reykhólar við Breiðafjörð eru notalegt þorp með rúmlega 120 íbúum. Á Reykhólum eru verslun, heilsugæsla, sundlaug, hárgreiðslustofa, bílaviðgerðir og ýmis önnur þjónusta. Reykhólahreppur er víðlendur og rómaður fyrir náttúrufegurð og fjölbreytt fuglalíf. Sveitarfélagið spannar alla Austur-Barðastrandarsýslu og þar á meðal mestan hluta Breiðafjarðareyja. Íbúafjöldinn er um 270 manns.
Sjá nánar: www.reykholar.is

Reykhólahreppur auglýsir stöðu hjúkrunarforstjóra hjúkrunar- og dvalarheimilisins Barmahlíð.
Í Barmahlíð eru 11 starfsmenn. Heimilið hefur pláss fyrir 13 í hjúkrunarrýmum og 2 í dvalarrýmum. Lagt er upp með að veita íbúum heimilisins ávallt bestu þjónustu á hverjum tíma og vera jafnframt aðlaðandi starfsvettvangur. Leitað er að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi með faglega sýn í öldrunarmálum.

Starfs- og ábyrgðarsvið hjúkrunarforstjóra:
- Fagleg ábyrgð á hjúkrunarþjónustu
- Umsjón með og ábyrgð á fjármálum, rekstri og stjórnun heimilisins
- Starfsmannamál, þ.m.t. umsjón með ráðningum og vaktaplönum
- Hjúkrunarforstjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Barmahlíðar

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólagráða í hjúkrunarfræði
- Framhaldsmenntun og reynsla í geðhjúkrun æskileg
- Þekking á RAI mati
- Farsæl stjórnunarreynsla og -hæfni áskilin
- Reynsla og/eða þekking af rekstri
- Hæfni í mannlegum samskiptum og góður samstarfsvilji

Um 85% starfshlutfall er að ræða. Launakjör eru samkvæmt samningum hjúkrunarfræðinga og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Viðkomandi á jafnframt kost á 15% stöðu hjúkrunarfræðings á heilsugæslu HVE á Reykhólum. Starfinu fylgir leiguíbúð sem er staðsett á efri hæð hjúkrunarheimilisins.

Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

Jafnlaunaúttekt PwC 2013

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Sérfræðingur með áherslu á áhættustjórnun og greiningar

Landsvirkjun leitar eftir sérfræðingi til starfa á Orkusviði. Viðkomandi mun vinna í umboði framkvæmdastjóra sviðsins, einkum við málefni tengd áhættu við orkuvinnslu.

Helstu verkefni:

- Umsjón og viðhald áhættuskrár
- Samskipti við áhættustýringarnefnd
- Verkefni tengd gæðamálum
- Lykiltölugreiningar
- Þátttaka í vinnuhópum
- Skýrslugerð

Við leitum að einstaklingi með háskólamenntun á sviði verkfræði eða sambærilega menntun. Starfið krefst þekkingar og áhuga á áhættu- og gæðastjórnun, raforkukerfinu og hæfni í mannlegum samskiptum.

Sótt er um starfið á vef Capacent til og með 17. ágúst.
Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir hjá Capacent (audur.bjarnadottir@capacent), Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) og Brynjar Már Brynjólfsson á starfsmannasviði Landsvirkjunar (brynjar.mar.brynjolfsson@landsvirkjun.is).



SAMFÉS

STARFSKRAFTUR ÓSKAST

Samfés, samtök félagsmiðstöðva á Íslandi óskar eftir starfskrafti í hlutastarf á skrifstofu samtakanna.

Helstu verkefni
- Umsjón með ungmennaráði Samfés
- Aðstoð við skipulagningu viðburða Samfés
- Önnur tilfallandi verkefni

Nánari upplýsingar eru að finna á www.samfes.is

Umsóknarfrestur er t.o.m. 17. ágúst 2014.

Capacent Ráðningar

GÆÐAEFTIRLIT

ICELANDIC GROUP

Icelandic Group er alþjóðlegt fyrirtæki með yfir sjö áratuga sögu í íslenskum sjávarútvegi. Hjá félaginu starfa um 1.800 manns í Evrópu og Asíu að því að stilla saman veiðar, vinnslu, flutning og sölu sjávarfangs um víða veröld. Heildarvelta fyrirtækisins er um 100 milljarðar króna og er fyrirtækið eitt af 5 veltuhæstu fyrirtækjum á Íslandi.

Icelandic Group leitar að starfsmanni í gæðaeftirlit. Viðkomandi tekur út vörur hjá framleiðendum og fylgist með því að þær standist gæðakröfur Icelandic. Starfsstöð er í Reykjavík en viðkomandi mun ferðast töluvert innanlands auk einhverra ferðalaga utanlands. Um er að ræða mikilvægt starf í að viðhalda háum gæðakröfum á þeim sjávarafurðum sem Icelandic kaupir.

Starfssvið:
- Afurðaskoðanir á land- og sjófrystum afurðum
- Leiðbeina framleiðendum í framleiðslu og gæðamálum
- Samskipti við erlenda kaupendur

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Fiskvinnslunám og/eða reynsla af störfum á sjó
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Reynsla af gæðamálum kostur
- Góð enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 17. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Elín Friðjónsdóttir (elin.fridjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

FORSTÖÐUMAÐUR
FLUTNINGAMÁLA OG GÆÐASTJÓRNUNAR

ICELANDIC GROUP

Icelandic Group er alþjóðlegt fyrirtæki með yfir sjö áratuga sögu í íslenskum sjávarútvegi. Hjá félaginu starfa um 1.800 manns í Evrópu og Asíu að því að stilla saman veiðar, vinnslu, flutning og sölu sjávarfangs um víða veröld. Heildarvelta fyrirtækisins er um 100 milljarðar króna og er fyrirtækið eitt af 5 veltuhæstu fyrirtækjum á Íslandi.

Icelandic Group óskar eftir að ráða forstöðumann flutningamála og gæðastjórnunar. Um er að ræða fjölbreytt, krefjandi og áhugavert stjórnunarstarf í alþjóðlegu umhverfi.

Starfssvið:
- Daglegur rekstur og stjórnun
- Yfirumsjón með flutningamálum fyrirtækisins
- Yfirumsjón og ábyrgð með gæðaeftirliti
- Áætlanagerð, eftirfylgni og kostnaðareftirlit
- Samskipti við innlenda birgja og opinbera aðila
- Samskipti við dótturfyrirtæki Icelandic erlendis

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á sviði verkfræði, viðskipta eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Leiðtogahæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla og þekking af flutningamiðlun
- Þekking á gæðastjórnun
- Reynsla og þekking á sjávarútvegi
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsóknarfrestur er til og með 17. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

LÖGFRÆÐINGUR

ARNASON | FAKTOR
INTELLECTUAL PROPERTY CONSULTING

ÁRNASON FAKTOR óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa. Leitað er að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi sem hefur áhuga á að vinna í sterku teymi starfsmanna fyrirtækisins.

Starfssvið:
- Almenn ráðgjöf á sviði hugverkaréttar og þá sérstaklega á sviði vörumerkja, hönnunar, léna og einkaleyfa. Almenn ráðgjöf hvað varðar önnur auðkenni og hugverk í atvinnustarfsemi
- Almennt utanumhald, rekstur og vernd á framangreindum réttindum
- Önnur lögfræðileg vinna, svo sem samningagerð, er tengist vernd hugverka

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólagráða í lögfræði, cand.jur. eða meistaragráða (5 ára nám í lögfræði áskilið)
- Áhugi og þekking á hugverkarétti æskileg og þá sérstaklega hugverkarétti á sviði iðnaðar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Samskiptafærni og geta til að starfa í teymi
- Skipulagshæfileikar, samviskusemi, sjálfstæði og áreiðanleiki

Árnason Faktor sérhæfir sig í ráðgjöf um vernd hugverka með sérstaka áherslu á þjónustu við íslenskt atvinnulíf. Starfsfólk okkar hefur áratuga reynslu á sviði hugverkaréttar og leggjum við mikla áherslu á þjálfun og þekkingaruppbyggingu starfsmanna til hagsbóta fyrir viðskiptavini okkar. Starfsmenn félagsins hafa menntun og reynslu á sviði laga, tækni, raun- og hugvísinda.

Umsóknarfrestur er til og með 20. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.
Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

SVIÐSSTJÓRI FJÁRMÁLA- OG ÞJÓNUSTUSVIÐS

NORÐURORKA
VIRÐING – FAGMENNSKA – TRAUST

Meginhlutverk Norðurorku hf. er að þjónusta heimili og atvinnulíf með vinnslu og dreifingu á heitu vatni og neysluvatni og rekstri dreifikerfis raforku og fráveitu. Norðurorka hf. starfar samkvæmt vottuðu gæðakerfi ISO 9001.

